


EYJAFRÉTTIR

20 Með vonina
að vopni

tbl. 09
52. árg
25.09
2025
kr. 1.590



18 Heimili og
hönnun



11 Raggi á Látrum



8 Stórgjöf Halldórs



Núverandi bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Sveitarstjórnarkosningar 2026

≡ Hvað ætla kjörnir fulltrúar að gera?

Flestir hafa enn ekki tekið ákvörðun

Nú eru kjörnir fulltrúar víðs vegar um land að gefa upp hvort þeir hyggist gefa aftur kost á sér í framboð til sveitarstjórna. Næstu sveitarstjórnarkosningar verða 16. maí 2026. Eyjafréttir sendu fyrirspurn á alla bæjarfulltrúa sem og varabæjarfulltrúa í Vestmannaeyjum og spurðu hvort þau hyggist gefa kost á sér á lista í komandi bæjarstjórnarkosningum.

„Ég hef ekki tekið ákvörðun um það hvort ég gef kost á mér á lista næsta vor, ég mun taka þá ákvörðun á næstu mánuðum,“ segir Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri (H). Eyþór Harðarson (D) ætlar að biðja haustsins með ákvörðun. Gísli Stefánsson á (D) hefur áhuga á að halda áfram. Helga Jóhanna Harðardóttir á E-lista hefur ekki enn þá tekið ákvörðun og Páll Magnússon á H-lista hefur enga ákvörðun tekið um það. Margrét Rós Ingólfsdóttir (D) er klár í slaginn. „Ég er klár í það og hef þegar tilkynnt formanni fulltrúaráðs Sjálfstæðis-

félaganna og formanni Sjálfstæðisfélagsins það.“

Hildur Sólveig Sigurðardóttir (D) er eins og staðan er í dag tilbúin að halda áfram störfum fyrir sveitarfélagið. „Ég hef tjáð stjórn félagsins það. Tíminn verður þó að leiða í ljós með hvaða hætti enda er það ekki alfarið í mínum höndum að ákveða.“

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir (H) og Erlingur Guðbjörnsson (E) hafa enn ekki gert upp hug sinn. Það á einnig við Ellert Scheving Pálsson (H) og Óskar Jósúason (D) en útiloka ekki að gefa kost á sér áfram.

Halla Björk Hallgrímsdóttir (D) segist líklega ekki gefa kost á sér aftur og Rut Haraldsdóttir (D) er ákveðin í að hætta. „Ég hef þegar látið mitt samflokksfólk vita af því.“

Þau sem ekki svöruðu eru Njáll Ragnarsson (E), Sæunn Magnúsdóttir (D), Hildur Rún Róbertsdóttir (E), Aníta Jóhannsdóttir (H) og Örn Friðriksson (H).



Breytingar á hluthafahóp Löngu Getum ekki lengur staðið í þróunarverkefnum og nýsköpun

Breytingar hafa orðið á hluthafahópnum í Löngu. Fyrirtækið Langa ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á þurrkuðum fiskhausum og afskurði en félagið selur allar afurðir sínar á Nígeríumarkað. Undanfarin ár hefur félagið einnig verið að þróa og lagt í fjárfestingar á framleiðslu og sölu á kollageni til mannelis.

Á dögnum var samþykkt á hluthafafundi að skipta félaginu upp og að kollagenframleiðslan fari út úr félaginu.

Vinnslustöðin á tæplega þriðjungs hlut í Löngu. Að sögn Sigurgeirs B. Kristgeirssonar, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar er með þessu verið að skipta félaginu upp, en Vinnslustöðin verður áfram hluthafi í Löngu.

„Þetta er enn einn liður í því að endurskipuleggja reksturinn hjá okkur. Við getum ekki lengur staðið í þróunarverkefnum og nýsköpun, sem kollagenframleiðslan vissulega er. Svona birtist það m.a. þegar aukin skattbyrði er sett á atvinnulíf,“ segir Sigurgeir Brynjar.

Sé stormur við sjóndeildarhringinn

Ös fjölskyldan mun eftir breytingarnar hverfa út úr hluthafahópi Löngu. Við breytingarnar fá þau fasteignina Kleifar 5, þar sem kollagen-verksmiðjan er hýst.

Daði Pálsson segir í samtali við Eyjafréttir fjölskyldan ætli að koma sér út úr sjávarútveginum. „Við höfum því miður ekki trú á honum lengur, eins og rekstrarumhverfið er í dag. Ég held því miður að það sé stormur við sjóndeildarhringinn sem að almenningur og ráðmenn þjóðarinnar sjá ekki ennþá.“ Aðspurður um hvað verði með kollagenframleiðsluna segir Daði að það sé óráðið eins og staðan er í dag. „Við vitum ekki á þessari stundu hvort við ætlum að setja meira fjármagn í verkefnið.“

Hann segir að Langa sé búin að vera í þróunarvinnu með kollagenið undanfarin ár. „Ríkið er farið að draga verulega saman í styrkjum til þróunarvinnu og nýsköpunar. Það er háu hlutfalli synjað af beiðnum sem koma inn, sem auðveldar þetta ekki.“

Laxey heyrir undir Bændasamtökin

„Á Íslandi fellur landeldi, líkt og hjá Laxey, undir landbúnað en ekki sjávarútveg. Ástæðan er sú að starfsemin fer alfarið fram á landi og hefur meira sameiginlegt með búskap en hefðbundnum veiðum. Rekstrarformið snýst um að ala fisk við stjórnáðar aðstæður í kerfum og tönkum á landi,

sambærilegt því hvernig bændur rækta plöntur eða halda búfé,“ segir Gyða Pétursdóttir verkefnastjóri Bændasamtaka Íslands um ástæðu þess að Laxey heyrir undir landbúnað en ekki sjávarútveg. „Þess vegna heyrir landeldi undir Bændasamtök Íslands, þar sem Laxey nýtur sömu þjónustu

og annar búskapur, meðal annars ráðgjafar, hagsmunagæslu og verkefna á sviði sjálfbærrar nýtingar og hringrásarhagkerfis. Landeldisdeild Bændasamtakanna var stofnuð árið 2023 og í stjórn hennar situr meðal annars Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar.

Nýlega heimsóttu fulltrúar Bændasamtaka Íslands og Bændablaðsins Laxey í Vestmannaeyjum þar sem Óskar Jósúason tók á móti okkur og kynnti starfsemina. Það var mjög gagnlegt og áhugavert að fá inn-sýn í þetta öfluga fyrirtæki,“ segir Gyða.

Forsíðumynd: Ragnar Þór Jóhannsson horfir á sólsetrið.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmyndna og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
/Egisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.
Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.
Íþróttir: Kristín Erna Sigurlásdóttir og Tryggvi Guðmundsson.
Umbrot: Sæþór Víðó - sathor@vido.is
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Veffang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

TM

Sama hvar þú ert í

Lífinnu

þá viltu vera hjá TM



Geri mitt besta og nýt dagsins

Magnús Bragason hefur um árábil verið virkur í samfélaginu hér í Eyjum og lagt sitt af mörkum á hinum ýmsum sviðum. Hann er á meðal skipuleggjenda Vestmannaeyjahlaupsins og The Puffin Run, auk þess að standa að Lundaballinu. Við fengum að heyra aðeins í Magnúsi og varpa nokkrum spurningum til hans.

Fjölskylda: Við Adda eigum þrjá syni, þrjú barnabörn og eitt á leiðinni.

Móttó: Gera mitt besta og njóta dagsins í dag. Gærdagurinn er liðinn og honum verður ekki breytt. Morgundagurinn er ófyrirsjáanlegur. Dagurinn í dag er gjöf. Njóttu hans!



Magnús Bragason.

Síðasta hámhörfið: Toxic town á Netflix. Hlakka til að sjá Stranger

Things 5 sem kemur út á afmælisdeginum mínum 26. nóvember. **Uppáhalds hlaðvarp?** Langa með Snorra Björns.

Aðaláhugamál: Golf, hlaup og ferðalög.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án: Knúsa einhvern.

Hvað óttast þú mest: Lokast inni.

Hvað er velgengni fyrir þér: Að ná markmiðum sínum.

Hvenær kviknaði áhugi þinn á hlaupum og hvað er það besta við hlaupin? Adda tók þátt í hálfu maraþoni 2005 og ég ákvað að taka 10 km án mikils undirbúnings. Kom örmagna í mark en heillaðist að stemningunni. Byrjaði þá að æfa reglulega og tók þátt í hálfu og síðan heilu maraþoni.

Það bætir heilsuna að hlaupa, bæði líkamlega og andlega. Að taka þátt í hlaupaviðburðum bæði hér og erlendis er mjög skemmtilegt.

Hvað mundirðu segja að væri helsta áskorunin við skipulagningu hlaupa eins og Vestmannaeyjahlaupið? Að fá hlaupara til að taka þátt. Einnig að fá fólk til að starfa, þar erum við í Eyjum rík.

Hvað er það skemmtilegasta við Lundaballið og hvað gerir það svo sérstakt? Góður matur úr okkar náttúru. Söngur, grín og dans. Allir velkomnir!

Eitthvað að lokum? Við erum heppin að búa hér í Eyjum. Verum góð við hvert annað. Miðasala á Lundaballið er hafin og skráning í The Puffin Run hefst 26. nóvember!

Lundaball á laugardaginn Helliseyingar gáfu tóninn 1987

Nú er komið að Helliseyingum að standa fyrir Lundaballi sem verður í Höllinni á laugardagskvöldið. Lundaball sem Helliseyingar héldu haustið 1987 markað tíma-mót í sögu Lundaballa bjargveiðimanna í Vestmannaeyjum í mat, allri umgjörð, reisu og glæsileik sem ekki hafði áður sést. Varð fyrirmynd annarra lundaballa sem ekkert hefur náð sömu hæðum en það gæti breyst þann 25. september því nú er komið að Helliseyingum að halda Lundaball sem verður haldið með áður óþekktum glæsibrag og reisu.

Eyjamaðurinn, Magnús Bragason verður þar örugglega framarlega í hópi Helliseyinga og því tilefni til að birta nokkrar myndir sem Guðmundur Sigfússon tók á Lundaballinu 1987 þar sem Steingrimsfjölskyldan var áberandi, Svavar, Gísli, Palli og Bragi.

„Helliseyingar sáu um ballið í þetta skiptið og var Svavar pípari Steingrímsson veislustjóri. Stjórnaði hann af röggsemi, jafnvel svo að aðrir reyndari í faginu falla í skugga þegar framgöngu hans er minnst. Tókst honum að halda mönnum við efnið svo unun var að fylgjast með og ef á þurfti að halda voru menn beðnir um að þegja og var því undantekningarlaust hlýtt. Fór ekki á milli mála hver stjórnaði.

Sagðar voru gamansögur, fjölda-



Bræðurnir Steingrímssynir, Svavar, Gísli, Palli og Bragi fóru mikinn út á þorablótinu 1987



Grímur kokkur sá um matinn og örugglega hefur Maggi Braga komið þar við sögu og Árni Johnsen gat glaðst yfir góðum mat.



Guðbjörg, Ásta, Jaggá og Bárá í góðum gir á Lundaballinu 1987.

söngur undir stjórn Árna Johnsen, sem virðist eiga keppinaut á Indlandi, en meira um það síðar. Þeir bræður Palli og Gísli Steingrímssunu sungu gamalt blúslag svo sæluhrollur fór um gamla blúsara. Svavar þakkaði nú fyrir það að söng þeirra loknum að vera ekki skyldari þeim en raun ber vitni, en þeir þrír eru mæðrasynir.

Já, það var þétt setinn bekkurinn í Alþýðuhúsinu, geislandi fjör og græskulaust grín og smá skot gengu á milli eyja, en það er um úteyjar eins svo marga annað, hverjum sýnist sinn fugl fagur eins og þar stendur. Þessir smáhrekkir náðu jafnvel inn á kvennaklósettið, en hver átti upptökin að því, spyr sá sem ekki veit,“ segir um þetta sögufræga lundaball.



LAGARLÍF

eldi og ræktun

Ráðstefna um lagareldi á Íslandi í Hörpu,
dagana 30. september og 1. október.



Kynnið ykkur fjölbreytta
dagskrá á lagarlif.is

Anton Kári sveitarstjóri Rangárþings eystra um jarðgöng, samstarf og framtíðarsýn Sunnlendinga

Samstaða sveitarfélaganna er lykillinn

≡ Stærsta samgöngubót sem Sunnlendingar geta nokkru sinni fengið

**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Í síðasta mánuði fundaði Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, með íbúum Suðurlands á Selfossi. Meðal gesta á fundinum var Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og formaður samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Anton Kári átti einnig sæti í starfshópi um fýsileika jarðganga milli lands og Vestmannaeyja sem lauk sinni vinnu fyrir um ári síðan. Hann flutti þar athyglisverða ræðu um málið og um vegakerfið í landshlutanum. - Í ræðu sinni minnti Anton Kári á að fyrir um ári síðan hefði starfshópur skilað skýrslu um fýsileika jarðganga milli lands og Vestmannaeyja. Þar væri að finna verkefnaáætlun sem væri bæði kostnaðargreind og tímasett. - „Kosturinn við áætlunina er sá að undirbúningi er skipt niður í skref og alltaf hægt að bakka út ef niðurstöður reynast óhagstæðar,“ sagði hann. „Við vitum í raun ekki enn hvort þessi framkvæmd sé yfir höfuð gerleg með tilliti til náttúrulegra og tæknilegra þátta. Það er þó tiltölulega einfalt og ódýrt að fá úr því skorið.“



Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri Rangárþings eystra.

- Hann hvatti ráðherra eindregið til að kynna sér skýrsluna og hefja rannsóknarvinnu sem gæti leitt til stærstu samgöngubótar sem Sunnlendingar hefðu nokkru sinni fengið.

Vestmannaeyjar mikilvægur samstarfsaðili

- Aðspurður um samstarf sveitarfélaganna á Suðurlandi segir Anton Kári að Vestmannaeyjar séu nú þegar mikilvægur þátttakandi innan Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Hann bendir á að samstarf og samtakamáttur hafi margsannað gildi sitt, meðal annars þegar svæðisskipulag fyrir Suður-hálendið var staðfest þvert á tilmæli Skipulagsstofnunar.

- „Við eigum að tala upp hvert annað,“ segir Anton Kári. „Öll sveitarfélög græða á uppbyggingu nágretta sinna. Þess vegna eigum við að nýta þann sameiginlega kraft sem við höfum.“

„Hættum að blaðra - Byrjum að bora“

- Um næstu skref í jarðganga-málinu segir sveitarstjórinn að einfaldlega þurfi að hefja þá vinnu sem lögð hafi verið til í skýrslunni. „Ekkert er því til fyrirstöðu að virkja áætlunina og hefja boranir í Vestmannaeyjum. Ef þær gefa góða raun er næsta skref að bora rannsóknarholur á Krossi í Landeyjum. Þetta er einföld og stigvaxandi áætlun sem auðvelt er að stöðva ef eitthvað reynist ógerlegt.“

Atvinnu- og menntatækifæri óþrjótandi

- Anton Kári segir bætta samgöngur, hvort sem með jarðgöngum eða öðrum úrbótum, geta haft afgerandi áhrif á atvinnulíf og samfélagsuppbyggingu á Suðurlandi öllu.

- „Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar yrðu eitt atvinnusvæði sem myndi auka fjölbreytni starfa verulega,“ útskýrir hann. „Ungt fólk gæti sótt framhaldsskóla í Vestmannaeyjum og aðgengi

að höfninni myndi opna mikla möguleika fyrir út- og innflutning. Með öruggum samgöngum milli lands og Eyja væru tækifærin óþrjótandi.“

- Hann bætir við með hálfum léttleika: „Hver veit nema Vestmannaeyjar og Rangárþing eystra verði innan tíðar sama sveitarfélag – það væri eitthvað.“

Sameiginlegt afl sveitarfélaganna

- Aðspurður um hvort stofnun innviðafélags líkt og gert hafi verið á Vestfjörðum gæti flýtt fyrir segir Anton Kári að öll form samstarfs sem auka slagkraft sveitarfélaganna séu til bóta. Hann nefnir sérstaklega mikilvægi þess að Vestmannaeyjabær og Rangárþing eystra standi saman vörð um hagsmuni Landeyjahafnar.

- „Ég tel til dæmis að Rangárþing eystra gæti gert mun betur og þá Vestmannaeyjabær í að nýta Rangárþing eystra mun betur til að standa vörð um Landeyjahöfn og gera sig gildandi í umræðu, þrýstingi, og ákvarðanatöku varðandi höfnina. Með sameiginlegum slagkrafti þessara sveitarfélaga tel ég að við náum að beita mun meiri þrýstingi og stöndum sameiginlega vörð um okkar hagsmuni, því þeir skarast mun meir heldur en fólk heldur,“ segir hann.

Stafsetning: Vestmann(a)eyingur

ADSEND GREIN



**HELGI
BERNÓDUSSON**

Það vekur athygli þegar Vestmannaeyjablöðin eru lesin að þar eru útbúar Eyjanna oftast nefndir og skrifaðir „Vestmann-a-eyingar“, gagnstætt málfræði- og stafsetningarreglum og enn fremur eðlilegum framburði. Enginn segir *Vestmann-a-eyingur í eðlilegu tali, heldur „Vestmann-eyingur“.

Hér er að verki sú regla í íslensku máli að viðskeytið „-ingur“ tekur oftast aðeins tvö atkvæði á undan sér og styttr orðstofninn sem því

er skeytt við ef hann er of langur. Þannig segja allir „Breiðfirðingur“, en enginn *Breiðafirðingur, því síður *Breiðafjarðaringur; allir segja „Reykvíkingur“, en ekki *Reykjavíkingur, „Norðlendingur“, enginn *Norðurlendingur o.s.frv. Stundum falla niður heilir orðhlutar í stofni til þess að krafa reglunnar sé uppfyllt: Enginn segir t.d. *Súgandafirðingur, heldur „Súgfirðingur“, enginn *Önundafirðingur, heldur Önfrðingur, enginn *Bolungarvíkingur, heldur „Bolvíkingur“, enginn *Snæfellsnesingur, heldur „Snæfellingur“, enginn *Rangárvellingur, allir „Rangvellingur“ o.s.frv.

Við þessa reglu bætast svo ýmsar málfræðilegar flækjur, hljóðvörp

o.fl., sem ástæðulaust er fara nánar út í hér, og frá reglunni eru undantekningar að því leyti að atkvæðin á undan „-ingur“ geta verið fleiri en tvö eins og er einmitt í „Vestmanneyingur“, sbr. líka „Nýsjálendingur“. Málvenja veitir ávallt góða leiðsögn um slíkt. Aðalatriðið er að um orð eins og „Vestmanneyingur“ fara saman málfræðireglur og eðlilegur framburður.

Rithátturinn „Vestmann+a+eyingur“ er hins vegar gamall og nú orðið miklu algengari en „Vestmanneyingur“, og meira að segja kominn í orðabækur. Ég held að þessi ritháttur stafi af misskilinni ofvöndun í stafsetningu, og menn átti sig ekki á reglunni sem að baki

þýr og styðjist þá við bæjarnafnið Vestmannaeyjar.

Fleiri viðskeyti í íslensku valda áþekktum breytingum í orðstofni til styttingar, t.d. „-sk“. Þannig er sagt í eðlilegum framburði: „vestmanneyskar stelpur“, en ekki: *vestmann+a+eyskar stelpur.

Um viðskeyti í íslensku, m.a. „-ingur“, „-sk“ o.fl., eru til lærðar ritgerðir. Að stafsetningu orða með þessum viðskeytum (-ingur og -sk) er sums staðar vikið í kennslubókum og blaðapistlum. Þrátt fyrir það er orðmyndin „Vestmann+a+eyingur“ býsna algeng og lífseig.

En eiga ekki umfram allt og alla Vestmanneyingar að hafa þetta á hreinu!

Viðtal við Bjarna Rúnar Einarsson, framkvæmdastjóra Leo Seafood

Pegar einar dyr lokast, opnast aðrar

≡ Eyjamaður sem ólst upp í sjávarútvegi ≡ Fyrstu sporin og fjölbreytt reynsla

TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Það er fátt sem tengir Vestmannaeyjar jafnstærkt saman og sjávarútvegurinn. Þar hefur kynslóð eftir kynslóð sótt lífsviðurværi sitt og lagt sitt af mörkum í atvinnusögu landsins. Bjarni Rúnar Einarsson, framkvæmdastjóri Leo Seafood, er engin undantekning. Hann fæddist í Eyjum árið 1983 og hefur nær alla sína starfsævi varið innan sömu veggja – fyrst hjá Godthaab í Nöf og síðar hjá Leo Seafood. Nú þegar fyrirtækið stendur frammi fyrir lokun eru það tímamót bæði í lífi hans og samfélagsins í Eyjum.

Árið 2004 steig Bjarni inn í fyrirtækið fyrir alvöru, þá aðeins rúmlega tvítugur. Hann hóf störf við frystitækin og í söltun, en hafði þó áður lagt hönd á plóg þegar mikið lá við, meðal annars tekið þátt í uppgerð á húsnæði félagsins nokkrum árum áður. „Ég man ekki sérstaklega eftir fyrsta deginum mínum í vinnunni,“ segir hann með bros á vör, „en það sem stendur upp úr er hvað okkur þótti alltaf gaman og hvað mórallinn var góður.“

Áhuginn á greininni kom ekki af ástæðulausu. Foreldrar hans störfuðu bæði í fiskvinnslu og hann sjálfur byrjaði ungur í Ísfélaginu, aðeins 13 ára gamall. Þar lærði hann snemma að leysa úr ýmsum verkefnum, sem varð síðar dýrmæt reynsla. „Ég hef fengið að takast á við nánast allt sem tengist starfsemiinni,“ segir hann. „Það hefur verið ótrúlegur kostur að fá að prófa sig áfram í svo mörgu – allt frá söltun og löndunum til útflutnings og sölumála.“

Frá handskurði til hátækni

Þegar Bjarni Rúnar hóf störf hjá Godthaab voru einungis um 20 starfsmenn í vinnu. Nokkrum árum síðar voru þeir orðnir um 100. Vöxturinn fór hönd í hönd með gífurlegum tækniframförum. „Í upphafi var allt handskorið og flutt í bökkum milli vinnlusvæða,“ rifjar hann upp. „Í dag sjá færðabönd og skurðarvélur um megnið af verkinu – og við nýtum allan fiskinn, ekkert fer til spillis.



Bjarni Rúnar Einarsson, á svölunum á Leo Seafood.

Það er stórt framfaraskref.“

Sjálfur segist hann stoltastur af samvinnunni, bæði við eigendur og starfsmenn. Það hafi alltaf verið samheldni og vilji til að leysa verkefni saman, þó þau væru oft krefjandi.

„Það getur verið erfitt að koma nýjum tækjum að í stað þeirra gömlu og passa að allt gangi hnökra-laust. En við höfum alltaf náð að stilla okkur saman.“

Erfiðar ákvarðanir

Þrátt fyrir áratuga vöxt og þróun er nú komið að leiðarlökum. Ákvörðunin um að loka Leo Seafood hefur vakið mikla athygli í Eyjum og raunar um land allt. Aðspurður hvort hún hafi komið honum á óvart svarar Bjarni: „Já og nei.“

Reksturinn hafi einfaldlega orðið sífellt erfiðari. „Hátt gengi krónunnar, erfiðleikar í sölu-málum vegna heimsfaraldurs og stríðsátaka, og launahækkunar sem gengi lengra en hjá samkeppnis-

aðilum – þetta allt saman bitnaði á okkur. Þegar svo bættist aukin skattheimta ofan á var kannski viðbúið að svona færi,“ segir hann.

Hann bætir við að reynt hafi

þó að flestir starfsmenn fái vinnu áfram hér.“

Nýir kaflar framundan

Sjálfur hefur Bjarni ekki ákveðið hvað taki við, en hann segist horfa bjartsýnn fram á veginn. „Þegar einar dyr lokast, opnast aðrar,“ segir hann ákveðinn. Hann leggur áherslu á að þakklæti sé það sem hann beri helst með sér úr þessum áratugum. „Ég hef verið heppinn með samstarfsfólki. Góð samskipti og samheldni eru lykillinn að því að vinnustaður blómstri.“

Til ungs fólks í Eyjum sem íhugar störf í sjávarútvegi segir hann: „Það eru fjölmörg áhugaverð og skemmtileg störf í greininni, og mikil tækifæri hér í heimabyggð.“

Þakki til samstarfsmanna

Aðspurður hvort hann vilji bæta einhverju við kveður hann með einföldum en innilegum orðum: „Ég vil þakka öllum samstarfsmönnum í gegnum tíðina fyrir samfylgdina. Það hefur verið mikill heiður að starfa með þessu fólki.“

”**Við fórum margar leiðir til að bæta reksturinn, en það er erfitt að keppa við erlendar vinnslur í Austur-Evrópu og Hollandi sem greiða fjórðung af þeim launum sem við gerum – og fá ríflegan stuðning frá stjórnvöldum.**

verið að leita lausna. „Við fórum margar leiðir til að bæta reksturinn, en það er erfitt að keppa við erlendar vinnslur í Austur-Evrópu og Hollandi sem greiða fjórðung af þeim launum sem við gerum – og fá ríflegan stuðning frá stjórnvöldum. Það er erfitt að keppa við það ásamt því að stjórnvöld hér setja ofurskatta á sjávarútveg umfram aðrar greinar með þessum afleiðingum.“

Um áhrifin á samfélagið segir hann: „Það er óhjákvæmilegt að þetta hafi áhrif á Eyjar, en ég vona

Gaf samfélaginu menningarauð í myndum og kvikmyndum

≡ Kvikmyndirnar og ljósmyndirnar mínar eru ástríða og gjöf til framtíðarinnar, segir Halldór Benedikt Halldórsson.

**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Halldór Benedikt Halldórsson fæddist á Húsavík árið 1955 en flutti 6 ára gamall með fjölskyldu sinni til Vestmannaeyja. Þar hefur hann átt heima nær alla tíð síðan og segist hvergi vilja vera annars staðar. Í dag er hann sjötugur, fjölskyldumaður sem nýtur þess að vera úti í náttúrunni – og síðast en ekki síst ástríðufullur ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður sem nýlega færði Vestmannaeyjabæ gríðarlegt safn mynda og myndefnis að gjöf.

Halldór man ekki svo mikið eftir fyrstu árum sínum á Húsavík, en þó man hann svona sitt lítið t.d. eignaðist hann þar góðan vin sem átti heima við hliðina á þeim á Björkinni við Skólagarðana á Húsavík, Bjarna Hafþór Helgason, sem hann hefur enn í dag samband við. „Ég hugsa alltaf til Húsavíkur með þakklæti og hlýhug. Þar býr elskuleg móðir mín, 97 ára gömul. En faðir minn lést árið 2009. Þar á ég einnig fjöldann allan af skyldmennum.“



Linda og Halldór á góðri stundu.

Flutti til Eyja 1961 og lífið tók að mótast

Halldór flytur með foreldrum sínum til Vestmannaeyja. Ástæðan fyrir flutningnum að norðan á syðsta stað landsins var sú að faðir Halldórs fékk vinnu í Eyjum.

„Pabbi fékk vinnu hjá Simma bakara.“ segir Halldór. Þetta var árið 1961, þegar Halldór er aðeins 6 ára gamall. Fyrsta heimili þeirra var á Ásavegi 16 hjá Ástþór og Ester, en hún er móðursystir Halldórs. Þau flytjast svo á Hilmisgötu

1 að ári liðnu og þar bjó fjölskyldan í um einn og hálfan áratug.

„Þetta var yndislegur tími. Ég eignaðist strax félagi á Hilmisgötunni, Orra Guðjónsen þann yndislega peyja. Mikill vinur og gæða félagi, einn af okkar bestu knattspyrnumönnum sem hætti alltof fljótt. Ég átti mjög skemmtilega æsku hér í Eyjum og hef alltaf viljað búa hér.“

Ást við fyrstu sýn

Á unglingsárum kynntist Halldór ástinni í lífi sínu, Lindu Sigurlásdóttur. „Við vorum 16 ára þegar við hittumst fyrst fyrir alvöru á 1. des balli í Gagganum – og það hefur verið óslitið allar götur síðan,“ segir hann.

Halldór og Linda giftu sig og eiga þrjár dætur, Matthildi, Hjördísi og Ernu, og barnabörnin eru fjögur. Þau halda upp á gullbrúðkaup í desember á þessu ári.

Halldór lærði húsgagnasmíði hjá Bóa og Einari og lauk bæði sveins- og meistaraþrófi, en vann að öllu leyti við hina almennu trésmíði. „Það var frábært að vera þar með þeim strákunum,“ segir hann en auk þeirra voru þar Varði, Ingibergur og Óli Þorsteins. Að námi loknu tók hann stutt stopp á sjónum áður en hann hóf störf í fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar, en yfir sumartímann hélt hann sig við smíðarnar. Stærstum hluta starfsævinnar varði Halldór á sjúkrahúsinu. Þar var hann umsjónarmaður í 27 ár. „Ég átti þar fína tíma og naut mín vel. Með frábæru samstarfsfólki.“

„Ég hefði aldrei viljað missa af góstiminum“

Eldgosið í Heimaey markaði tíma-mót. Fjölskyldan fór til lands með Gunnari Jónssyni VE þar sem faðir Halldórs var kokkur. Linda, sem þá var kærasta hans, fór með sinni fjölskyldu.

„Það var smá eltingaleikur að finna út hvar hún væri, en við komum fljótlega aftur til Eyja. Ég fór í hreinsunina og Linda vann í Gestgjafanum hjá Pálma.“

Áhuginn á ljósmyndun og kvikmyndum kviknaði árið 1976 þegar Halldór fékk lánaða kvikmyndavél og tók sitt fyrsta viðtal – við tengdamóður sína, Þuru á Reynistað. U.þ.b. tveimur áratugum síðar fékk hann litla myndavél í jólagjöf



Fjölskyldumynd: Talið frá vinstri Hjördís Halldórsdóttir, Helena Rún Þorgilsdóttir, Halldór Orri Þorgilsson, Ólafur Haukur Arilíusson, Linda Björk Brynjarsdóttir, Erna Halldórsdóttir, Þorgils Orri Jónsson, Stefán Gauti Stefánsson, Halldór B. Halldórsson, Linda Sigurlásdóttir, Matthildur Halldórsdóttir, Njáll Ragnarsson og Kolbrá Njálsdóttir.

frá Lindu sem varð upphafið að því að hann fór að skrásetja lífið í Eyjum.

„Ég byrjaði að ganga á Heimaklett og tók upp myndband á leiðinni. Ég setti það á netið og fékk ótrúlega góð viðbrögð. Þá var ekki aftur snúið. Hvatningin var mikil og þetta varð að ástríðu.

Það má kannski geta þess í þessu samhengi að ég hafði horft á Stjána á Emmunni og hef oft sagt við hann að hann sé lærifaðir minn í þessum geira. Stjáni hrósaði mér alltaf fyrir það sem ég var að gera og það var mikil hvatning fyrir mig og þakka ég honum fyrir það.“

myndum og svo á ljósmyndum. Ég er búinn að útbúa slíkt form í nokkuð mörg ár og er alltaf jafn gaman að fara yfir þá sögu. Svo eru Sagnheima-upptökurnar orðnar nokkuð margar. Ég nefni sem dæmi frásagnir í þáttunum Eyjahjartað sem þóttu afskaplega skemmtilegar uppákomur í Safnahúsinu og sorglegt ef ekki kemur framhald af þeim þáttum.“

Hægt að deila sögu Eyjanna betur

Spurður um hvað honum finnst að við gætum gert meira til að

varðveita og deila sögu Eyjanna, svarar Halldór því til að hann sjái fyrir sér að bærinn gæti, þar sem hann rekur nú Herjólf, nýtt eitthvað af skjánum þar til að vera með lifandi efni frá Eyjum. Sérstaklega yfir sumartímenn þegar ferðamenn flykkjast til eyja, en þá yrði þar reglulega skipt um efni sem sýnt væri t.d. á tveimur skjáum.

„Þá er ég spenntur fyrir að þetta safn eigi horn í Safnahúsinu þar sem að kannski tvisvar í viku eru rúllandi myndir eftir mig sýndar þar.“

„Ég hef svo gaman af þessu“

Halldór segist njóta þess mest að hitta fólk og skrásetja lífið í Eyjum. „Ég hef gaman af því að fara niður á bryggju, hitta kallana og sjá trillurnar koma inn. Ég passa mig samt alltaf að spyrja áður en ég tek upp, sérstaklega þegar börn eru í kring. Þetta á að vera gleði, ekki til að stuða neinn.“

Framtíðin felur í sér áframhaldandi göngur, hjólaferðir og myndatökur, ef Guð lofar – og í desember halda hann og Linda upp á gullbrúðkaup sitt.



Halldór einbeittur með myndavélina. Mynd: Óskar Pétur

Gjöf til framtíðar

Safnið sem Halldór hefur safnað saman í tvo áratugi telur ótal ljósmyndir og kvikmyndir, bæði frá opinberum viðburðum og hversdagslífi. Í sumar færði hann Vestmannaeyjabæ safnið til varðveislu.

Spurður nánar um gjöfina sem hann færði Safnahúsinu segir Halldór að hann hafi fengið tengdason sinn, Njál Ragnarsson til þess að hugsa þetta með sér. Þ.e.a.s. hvað væri hægt að gera skemmtilegt með þetta safn. „Hann fann leið út úr því hvað væri best fyrir bæinn og aðstoðaði mig við að skrifa bréf til bæjaryfirvalda.“

En Halldór er hvergi nærri hættur. „Ég held áfram að safna inn í gjöfina. Allt sem ég á eftir að gera í framtíðinni fer þarna inn. Hvort sem það er ljósmyndir eða kvikmyndir.“

Aðspurður um hvað standi upp úr nefnir hann meðal annars viðtöl við Hávarð Sigurðsson um uppbyggingu vatnsveitunnar og myndefni með Arnfinni Sigurfinnssyni harmonikkuleikara sem dæmi um verðmætar heimildir. Þá hefur hann einnig komið að dag-skrárvinnu við Tyrkjaráns-söguna.

„Þar hef ég verið Ragnari Óskarrssyni innan handar. Það þykir mér mjög skemmtilegt. Svo má ekki gleyma því að um áramót útbý ég tvö myndbönd sem er samansafn af einstaklingum sem ég hef hitt á árinu bæði í kvik-

Einstök gjöf til Safnahúss

„Þetta er gríðarlega vegleg gjöf. Öll söfn þrífast á því að þeir einstaklingar sem marka spor í menningarsögu nærsamfélagsins hverju sinni deili þeirri auðlegð sem þeir búa til með því að koma henni í varanlega varðveislu á söfnunum,“ segir Kári Bjarnason, forstöðumaður Safnahúss Vestmannaeyja og vísar þarna til gjafar Halldórs Benedikts Halldórssonar til Vestmannaeyjabæjar.

Ómetanlegar heimildir framtíðarinnar

Kári segir að við getum aldrei náð utan um menningarsöguna nema einstaklingar kjósi að afhenda gögn sín til safnsins.

„Þess vegna er það sem Halldór er að gera stórkostlegt og nákvæmlega það sem gerir söfn að öflugum söfnum til langrar framtíðar. Halldór er að taka myndir af samtímanum í dag, en þetta verður fortíð á morgun og úr verður saga. Í fyllingu tímans höfum við kannski engan annan aðgang að þessu efni nema í gegnum linsuna hans.“

Fólk geri sér kannski ekki fulla grein fyrir verðmæti efnisins í dag, en með tímanum verði það dýrmæt heimild.

„Eftir 100 ár, þegar við erum öll fallin frá, verður aðgangur að þessum samtíma sem við tilheyrum í dag aðgengilegur í gegnum þessa einstöku gjöf Halldórs,“ segir Kári.

Mikið þakklæti til Halldórs

Aðspurður um hvort efnið verði nýtt strax fyrir bæjarbúa og ferðamenn segir Kári að stefnt sé að því.

„Við deilum sýn Halldórs um að hérna í húsinu gefist tækifæri til að setjast niður og horfa á myndirnar, njóta þeirra. Auðvitað viljum við hafa meira rými en við búum við þann veruleika sem við lifum í. Við munum



Halldór afhendir Kára Bjarnasyni gjafabréf um staðfestingu um gjöf hans til safnsins. Var það afhentt á 70 ára afmæli Halldórs. Bæta við. Með á myndinni eru Guðmundur og Viktor. Mynd: Óskar Pétur

einnig bjóða upp á sýningar á verkum hans líkt og við sýnum verk annarra.“

Kári leggur áherslu á að gjöfin sé ekki aðeins fólgin í myndefninu, heldur einnig í samstarfsvilja Halldórs.

„Hann hefur árum saman tekið upp stærstan hluta þess sem fram hefur farið í Safnahúsinu og gert það aðgengilegt á netinu. Það hefur gjörbreytt stöðunni okkar. Við náum til fleiri, vandaðir fyrirlestrar og samantektir lifa áfram og eru síaðgengilegir öllum þeim sem áhuga hafa og munirnir og minningarnar sem við varðveitum og berum fram vakna til annars lífs þegar búið er festa efnið í varanlegt form. Ég vil því undirstrika mikið þakklæti til Halldórs fyrir hans einstaka velvilja.“

Hvergi nærri hættur

Þótt Halldór hafi afhent safninu myndasafn sitt hefur hann sagt að hann sé hvergi nærri hættur.

„Sem betur fer. Hann á vonandi eftir að taka upp mikið efni til viðbótar. Með þessari gjöf sinni sér hann til þess að

allt sem hann hefur tekið upp og myndað síðustu áratugi varðveitist – og einnig það sem bætist við í framtíðinni. Draumur minn er eins og Halldór hefur áður nefnt að það verði hægt hér í húsi að koma hingað og setjast niður og njóta ferða með honum um myndaheiminn.“ segir Kári.

Vetrardagskrá í mótun

Það er ekki hægt að sleppa Kára nema að fá smá innsýn í dagskrá vetrarins í Safnahúsinu. Fyrst nefnir hann Safnahelgina um mánaðamótin október–nóvember, þar sem Jóhanna Boga-dóttir verður með myndlistarsýningu. „Það er langt síðan hún hefur sýnt í Vestmannaeyjum,“ segir hann.

Safnið hyggst einnig sýna lifandi myndir úr forúm áttahafé-lagsins Heimakletts frá árunum 1950–1970, áður en smám saman dagskránnar fíkra sig nær samtímanum. „Við endum svo á myndum Halldórs. Þetta verður einstakt tækifæri fyrir marga að sjá sjálfa sig, foreldra eða ást-vini – og upplifa heiminn sem eitt sinn var hér samtíminn,“ segir Kári að lokum.

Íris tannlæknir mætt til Eyja og gefur ráð um tannheilsu

Mikilvægt að gefa börnum góða forgjöf inn í lífið

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Íris Þórsdóttir, tannlæknir er snúin aftur heim til Vestmannaeyja eftir að hafa búið úti í Frakklandi síðastliðin tvö ár. Íris og maður hennar, Haraldur Pálsson héldu á vit ævintýranna fyrir tveimur árum og fluttu út fyrir landsteinana. Planið var að fara í eitt ár en svo urðu árin tvö. Eru þau nýsnúin til baka ásamt börnum sínum þrem, Þórarni Inga, Aroni Gísla og Rut. Íris er tekin til starfa á ný á tannlæknastofunni Hlíju hér í Eyjum og býður íbúa velkomna til sín í stólinn. Við ræddum við Írisi um Frakklandsdvölina og fengum góð ráð hjá henni varðandi tannheilsu.

Hvernig var að búa í Frakklandi í þessi tvö ár og hvernig er að vera komin aftur heim? - Það var æðislegt að búa í Bordeaux í Frakklandi. Mjög kærkomin róleghet, verandi ekki að vinna úti þótt verkefni heimilisins og í kringum krakkana hafi verið mörg.

Einnig var svolítið snúið að læra á lífið ytra, á stjórnsýsluna en sem betur fer gekk vel að koma strákunum í skóla og síðar meir Rut í leikskóla. Svo verður maður nú að tala um veðrið sem var frábært. Alltaf logn, stundum smá blautt en hitastigið heilt yfir frábært.

Persónulega markmið mitt úti í Frakklandi var að læra betur frönskuna sem ég hafði lagt stund á síðan árið 2018, en mig langaði að ná alþjóðlegu prófi í frönsku sem kallast DELF B2. Ég náði því sumarið 2024 sem var æðislega gaman og að geta talað tungumálið er ótrúlega skemmtilegt og ég vona bara að ég hitti sem flesta franska ferðamenn hér í Eyjum til að æfa mig.

Það er hins vegar bara notalegt að vera komin heim aftur. Gaman að vera komin í vinnu og til fjölskyldu og vina. Krakkarnir njóta sín í botn í skólunum sínum, Barnaskólanum og Kirkjugerði svo það er allt eins og það á að vera.



Íris Þórsdóttir, tannlæknir er flutt heim eftir tvö ár í Frakklandi.

Heppin að hitta á hina fullkomnu starfsgrein

Varstu alltaf ákveðin í að læra tannlækningar þegar þú varst yngri? Ég var alls ekki ákveðin í því að læra tannlækningar þegar ég var yngri þótt svarið hafi lengi verið, tannlæknir og flugfreyja þegar ég var spurð hvað mig langaði að verða þegar ég yrði stór.

Ég satt að segja notaði bara útlökunaraðferðina þegar kom að því að velja mér háskólanám, notaði bæklinginn frá Háskóla Íslands og fannst ekkert spennandi nema þetta. Einnig kitluðu samkeppnisprófin inn í Tannlæknadeildina svolítið keppnismaneskjuna.

Ég var svo heppin að hitta á mína fullkomnu starfsgrein strax samanborið við marga sem þurfa að prófa sig áfram. Ég elska að vinna með höndunum, kynnast og geta hjálpað fólki með heilsuna sína. Svo er auðvitað skemmtilegast að kynnast krökkunum og fá að fylgjast með þeim vaxa og þroskast.

Forðist tannsjúkdóma með góðri hirðu

Hverjir eru algengustu kvillar tengdir tannheilsu sem þú sérð hjá fólki? - Ætli tannskemmdir séu ekki algengasti sjúkdómurinn í munnholi sem við tannlæknar glímum við á hverjum degi. Þetta er eitthvað sem herjar á alla en sérstaklega unglinga og ungt fólk og svo kemur áhættutími í kringum elliðfeyrisaldurinn og tengist þá oft aukinni lyfjanotkun og munnhirði.

Gott er fyrir áhættuhópa að fá uppáskriftað tannkrem að nafni Duraphat, en það er mjög gott mótvægi við tannskemmdum.

Annars er hinn stóri kvilli munneilsunnar tannholdssjúkdómurinn svokallaði og spila erfðir þar einhvern þátt en stóran þátt spilar munnhirði.

Hvaða ráð mundirðu gefa fólki til að viðhalda góðri tannheilsu? - Mikilvægt er að við gefum börnunum okkar góða forgjöf inn í lífið. Burstum þau tvisvar sinnum

á dag með mjúkum tannbursta og flúortannkremi, helst 1450 ppm Flúor og notum tannþráð frá um 3 ára aldri á hverju kvöldi.

Gott viðmið er að foreldrar tannbursti börnin sín alfarið til 8 ára aldurs og svo taki við nokkurs konar æfingabúðir þar sem þau æfi sig sjálf en foreldrar burstu upp að 12 ára aldri.

Allir 12 ára og eldri skulu burstu með flúortannkremi tvisvar sinnum á dag, tvær mínútur í senn, spýta í vaskinn og ekki skola tannkremið af tönnunum. Mikilvægt er að borða ekki né drekka eftir tannburstun á kvöldin. Tannþráðurinn eða millitannaburstar eru einnig lykilatriði í góðri tannheilsu og er ráðlagt að nota einu sinni á dag.

Með góðri hirðu er hægt að forðast þessa tvo helstu sjúkdóma ásamt því að mæta til tannlæknis a.m.k. einu sinni á ári svo hægt sé að grípa inn í vandamál sem kunna að koma upp snemma.

Góð samskipti og traust

Áttu einhver ráð fyrir fólki sem kvíðir tannlæknisheimsóknunum? Í fyrsta lagi er rosalega eðlilegt að kvíða tannlæknaheimsóknunum, er mjög lógískur kvíði. Einstaklingurinn liggur nokkuð berskjaldaður útafliggjandi og við tannlæknarnir með ýmis áhöld við andlit og í munni og þarf því að byggja upp ákveðið traust milli sjúklings og tannlæknis. Þetta kemur oftast náttúrulega með reglulegum heimsóknunum frá unga aldri en hjá þeim sem hafa upplifað erfiða reynslu hjá tannlækni gætu þurft að byggja upp þetta traust aftur.

Gott er að láta tannlækninn vita af kvíðanum og þá hverju það kvíðir mest. Hjá sumum eru hljóðin erfiðust, aðrir hræðast að finna til og svo eru nokkrir sem þykir einfaldlega óþægilegt að labba inn á stofuna. Ef fólk finnst hljóðin óþægileg þá er velkomið að koma með heymartól og hlusta á eitthvað á meðan tannlæknatímanum stendur. Aðrir þurfa aðlögunartíma, koma í nokkra styttri tíma og taka minni skref. Oft er þetta líka samband tannlæknis og sjúklingsins sem þarf að passa og sumir passa betur við einn tannlækni en annan og mjög eðlilegt að prófa sig áfram í því þótt það sé kannski erfitt í augnablikinu hér í Eyjum, segir Íris.

Ragnar Jónsson á Látrum

Líflína mín til Eyja er vaður sem heldur

ÁSMUNDUR
FRÍÐRIKSSON

Raggi á Látrum var einn af peyjunum á Vestmannabrautinni. Hann var hægur, hreinn og beinn en alvörugefinn. Hann var meira fyrir bókina, læs áður en hann kom í skóla og lærði dönsku af lestri dönsku blaðanna og gat því talað við Ripp, Rapp og Rupp á undan hinum peyjunum.

Í kjallaranum á Látrum var hann oft með hreyfimyndasýningar sem voru eftirsóttar af peyjunum í nágrenninu og Gaui bróðir Ragga var kominn með orðaforða sem enginn annar hafði tamið sér í miðbænum. Leikfélagar hans voru Óli Sigurvins á Hjalteyri, bræðurnir Guðmar og Sigurður Stefánssynir í Akurey, Jón í Langholti og fleiri. Þeir léku sér með gjarðir af hjólum og þar var hlaupið eftir rúllandi gjörðum um allan bæ og inn í Spröngu og þar sást á eftir Ragga upp á Há og Eggjar.

Raggi á Látrum var náttúrabarn, sem saug í sig allt um fugla og fuglalíf, varpstöðvar, fjöllin og bergið var hans íþróttavöllur. Þar hvarf hann á bak við nef og sprungur, hljóp eftir syllum og þverhníptu slúttandi bergi í Eldey eins og að ganga niður Vestmanna- brautina. Hann minnst ár- anna sinna í Eyjum með mikilli hlýju og fræið sem hann sáði á lífshlaupinu er enn að gefa honum tengsl við náttúruna, merkingar og veiðiskap.

Raggi á Látrum var eftirsóttur læknir sem lærði lögfræði til að geta tekist á við verkefni sem honum voru falin. Raggi á Látrum hefur alltaf treyst þeim vað sem hann hefur sjálfur hnýtt og varðaði lífsbrautina með þekkingu og lífsbjargandi aðgerðum fyrir marga.

Raggi á Látrum deilir hér broti af sögu sinni með lesendum Eyjafréttar.

Eini auminginn

Guðjón bróðir minn hefur tamið sér sérstakan orðaforða sem við



Ragnar ásamt börnum sínum fv. Magnús Jóhann, Ragnar, Ingvar Högni, Jón Ísak, Sólveig Klara og Jóhann.



Guðjón bróðir minn hefur tamið sér sérstakan orðaforða sem við fjölskyldan og vinir hans kunnum að taka. Í þeim anda hefur hann sagt að ég sé eini auminginn í fjölskyldunni af því að ég fæddist á gamla Sjúkrahúsinu í Eyjum, en ekki heima á Látrum eins og hin systkini mín.

fjölskyldan og vinir hans kunnum að taka. Í þeim anda hefur hann sagt að ég sé eini auminginn í fjölskyldunni af því að ég fæddist á gamla Sjúkrahúsinu í Eyjum, en ekki heima á Látrum eins og hin systkini mín. En þar fæddist ég 14. október árið 1952, en nú er Guðjón bróðir sá eini af okkur sem býr í Eyjum. Foreldrar mínir voru Klara Friðriksdóttir frá Látrum og Jón Ísak Sigurðsson sem fæddist í Merkisteini í Vestmanna- eyjum og við erum fjögur börnin þeirra, elstur er Friðrik, þá Svava, Guðjón og ég.

Börnin mín eru fimm, Ingvar Högni, Jóhann og Sólveig Klara, en móðir þeirra er Ósk Ingvars- dóttir. Svo Magnús Jóhann og Jón Ísak. Móðir þeirra er Þórgunnur Ársælsdóttir. Eiginkona mín er Sigrún Hjaltafín. Við eigum alls níu börn og fimmtán barnabörn.

Þegar ég lít til baka er magnað hvað umhverfið í Eyjum hefur sett svip sinn á líffsýn mína, áhuga- mál og glætt með mér virðingu fyrir náttúrunni. Þá voru sterkir persónuleikar allt í kringum æsku- heimili mitt á Látrum í miðbæ Vestmannaeyja og margir þeirra tengdust mér fjölskylduböndum en aðrir voru hluti af einstöku samfélagi og umhverfi sem var engu líkt. Stebbi pól var ömmu- bróðir minn og Tobbi söt var seinni maður ömmu. Báðir voru þekktir í bæjarlífinu og Stebbi pól mjög eftirminnilegur einstaklingur. Hann sat oft inn á skrifstofu með pabba og drakk kaffi, hann talaði hátt og það heyrðist í honum langar leiðir og Stebbi pól var ekki feiminn við að láta á sér bera. Úr þessu umhverfi koma margir af mínum bestu vinum og við deilum þessu frjóa samfélagi

sem við erum sprottnir úr til afkomenda okkar.

Stolnar rófur og njóla- reykingar

Þegar ég hóf skólagöngu í Barna- skólanum í Eyjum var ég læs, en það var ekki algenzt í þá daga. Ég var með góða kennara, svo sem Eirík Guðnason sem hafði mjög gott vald á krökkunum og Steingrím Benediktsson sem báðir voru með félagsstarf KFUM og K í Eyjum. Friðrik Jesson var íþróttakennarinn okkar, en hann varð seinna forstöðumaður Fiskasafnsins í Eyjum. Þeir voru auðvitað fleiri kennarnir sem komu og fóru á þessum árum og höfðu góð áhrif á skólagöngu mína sem alltaf gekk vel. Það eru margir eftirminnilegir í mínum árgangi eins og Gaui Ragnars, Sara Hafsteins, Ragnar Guðjóns- son, Óli Friðriks, Kristín Ósk og Einar í Stakkholti og Grétar Halldórsson svo ég nefni nokkra. Gressi átti heima í Byggðarholti og við miðbæjarpeyjararnir fórum ekki mikið lengra í austurbæinn en þangað, nema þegar við fórum í sundlaugina austur við Skans.

Leikfélagar mínir í Akurey, Guðmar og Siggí, voru hálf- ir Færeyingar og það bjuggu líka Færeyingar rétt hjá okkur í Vöruhúsinu, svo andrúmsloftið var aðeins alþjóðlegt en allir skildu alla. Þar var Bent aðal hraustmennnið og sá eini af okkur sem reykti þurru njólana og dró reykinni niður í lungu. Bent stóð keikur þegar hann blés reyknun frá sér, en við aumingjarnir láum ælandi á bak við vegginn í Hlíð þar sem athöfnin fór fram. Svo drulluðumst við á fætur og fórum svimandi inn í hlöðuna hjá Hregg- viði og sprönguðum þar hálf ringlaðir eftir reykingarnar. Njóla- reykingar voru einhverskonar manndómsraun en þrátt fyrir ælu og svima voru reykingarnar stund- aðar í skúmaskotum og þykku grasi af miklum móð. Þegar við vorum búnir að ná áttum í hlöð- unni hoppuðum við yfir vegginn hjá Halla Kela í Björk og stálum gulrótum og ráðisum í gróður- kassanum hjá honum. Kassinn var grænmaláður var í suðaustur horni lóðarinnar og yfir beðinu var net svo fuglarnir kæmust ekki í góðgætið. Við stálum líka rófum í

görðunum inni á Flötum og lágum svo í felum í þykku grasinu og flysjuðum rófur af bestu lyst. Það voru allir peyjar með dálk í beltinu í gamla daga. Það kom fyrir að rófuátið var toppað með ilm af flatkökubakstri frá Siggu í Breiðholti eða ástarpungum hjá Öllu í Björk. Þá gengu menn á lyktina og fengu að borða nýjar ástarpunga eða flatkökur, eins og hver gat í sig látið.

Kúasmali í Breiðholti

Ég hendist að Siggu í Breiðholti, hún var greind kona og barn-góð og það voru tvö hús á milli okkar, Akurey og Langholt. Þau Bjarni voru með búskap, hænur, kindur og kýr. Ég var kúasmali og hlaupadrengur hjá þeim, var mikið í fjósinu, gaf á garðann og fylgdist með mjöltum og hvernig gengið var frá mjólkinni. Einu sinni spyr ég Siggu að því í fjósinu hvort til standi að slátra einni kúnni, en Sigga brást reið við spurningunni. Hún sagði mér að það mætti ekki segja svona í návist kúnna, því þær skildu meira en mann grunaði. Ég hafði ekki fattað þetta, enda bara sex ára, hálfgerður kálfur og nýbyrjaður að reykja njóla!

Sigga vissi að ég var læs en Eiríkur kennarinn minn var tengdasonur hennar og það var hún sem kom mér í kynni við dönsku blöðin. Ég kom oft og bankaði á útihurðina í Breiðholti og spurði hvort dönsku blöðin væru komin og ef svo var þá fékk ég að fara



Látrar við Vestmannabraut, æskuheimili Ragnars.

Tómstundir okkar á þessum árum voru öðruvísi en í dag. Hreinn Loftsson og bræður hans í Langholti voru sérfræðingar í að búa til vaxmyndir úr dagblöðum og þar komu dönsku blöðin sér vel. Þeir helltu heitu vaxi yfir myndirnar á síðunum og heitt vaxið dró í sig litinn og myndirnar. Við vorum lifandi peyjar og ýmislegt var brallað en lífið var fyrst og fremst góður undirbúningur fyrir framtíðina og flestir okkar hafa búið af góðri æsku og umhverfi í Eyjum.

Nagaði neglur og kúaskít

Það skemmdi engan að byrja að vinna snemma og ég var níu ára þegar ég stóð í kjallaranum í Vinnslustöðinni og sleit humar

Öræfingar höfðu komið á vertíð í Eyjum og foreldrar mínir, eins og margir sem voru nýlega búnir að byggja sér hús, leigðu vertíðar-fólki herbergi hjá sér.

Vertíðarfolk úr Öræfum var hjá okkur og þannig tengdumst við bræðrunum á Svínafelli og við Guðjón fórum þangað í sveit, en Friðrik bróðir var í sveit í Mýrdalnum. Mamma var svo glöð yfir því að þar hætti Friðrik að naga neglurnar, en hann hafði ekki lyst á því að naga kúaskítinn undir nógslunum. Vonir hennar um að Guðjón bróðir hætti líka að naga neglurnar í sveitinni, brugðust hrapalega. Gauri er óheflaður í naglanagi og hann nagaði neglurnar og allan kúaskítinn með án þess að blikna.

Sólveig Pálsdóttir var húsfreyja í Svínafelli í Öræfum. Hún var merkileg kona, hörkudugleg og öllum leið vel í návist hennar. Við Guðjón bróðir höldum ætíð góðu sambandi við hana og hennar afkomendur en hún lést 109 ára gömul, þá elsti Íslendingur sögunnar. Sjálfur tók ég út mikinn þroska á Svínafelli. Þar var mér treyst til verka og útveran í stórbrotinni náttúrunni, smalamennska og rúningur féllu mér vel í geð og ég bý að því. Ég vann ýmis sumarstörf en það skemmtilegasta var þegar ég vann við vatnslögnina til Eyja á kapalskipinu Henry P. Lading sumarið 1968. Það voru kjarkaðir einstaklingar sem tóku ákvörðun um að ganga til samninga við erlent fyrirtæki um framleiðslu á vatnsleiðslu og leggja hana yfir Eyrjasund um langan veg og mikið dýpi. Líklega mikilvægasta og stærsta framkvæmd í sögu bæjarins og sú sem hefur skipt bæjarfélagið sköpum og ég tók þátt í verkefninu. Verkið var unnið undir stjórn NKT, eða Nordisk Kabel Traadfabrik, sem fór inn á nýja braut við framleiðsluna og lagði leiðslu um svo langa leið og dýpi.

Leiðin frá vatnsbólínu við Merkurbæi að Bakkafjöru er 22.5 kílómetrar og 13 kílómetrar frá

Bakkafjöru til Eyja, algjör risa framkvæmd. Það var mikið ævintýri að vera unglingur og vinna um borð í lagningskipinu og þar gerðist ýmislegt. Alvarlegast var þegar í ljós kom að lögnin var of stutt, hún náði inn fyrir Bjarnarey, svo það vantaði töluverðan spotta upp á lengdina. Mikið bras var að leysa þennan vanda og við vorum aðeins þrír við að leggja síðustu kílómetra leiðslunnar. Yfirverkfræðingur NKT, ég og Guðjón Ármann Eyjólfsson en fleiri voru ekki um borð í Henry P. Lading. Það var sett bauja við endann á leiðslunni og strax var hafist handa við að framleiða þá kílómetra sem upp á vantaði. Búturinn kom svo í lok ágúst, honum skeytt við og lögnin klárúð í mjög góðu veðri.

Veðurteppt í Bjarnarey í viku

Ég fór í landspróf í Gagnfræðaskólanum í Eyjum og hóf í framhaldinu nám í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég var kominn með upp í kok af námi eftir eitt ár í MR og tók mér árs frí til að ná áttum og gera eitthvað skemmtilegt. Ég fór að vinna með Hálfðáni Björnssyni frá Kvískerjum í Surtsey við að safna sýnum og sinna ýmsum náttúrufræðilegum verkefnum sem við báðir vorum áhugasamir um. Ég fór líka meira í að merkja fugla sem ég hafði stundað frá unga aldri. Ég var mest að merkja súlu, en það voru fáir sem lögðu það fyrir sig því lofthráðsla kom í veg fyrir það hjá mörgum. Ég var alveg sæmilegur í þverhnýpi og gat vel bjargað mér, en Guðjón bróðir var miklu kaldari en flestir aðrir fjallamenn í Eyjum. Ég merkti þónokkuð af súlu og merkin hafa skilað sér til baka, frá Noregi, Gíbraltar og Marokkó, en súlan fer þennan hring og kemur aftur heim eftir þrjú ár til að verpa við Ísland.

Á þessum unglingsárunum vorum við líka í ýmsum prakk-arastrikum við Óli Sigurvins og bræðurnir Siggi og Guðmar í Akurey og þegar Óli Gränz og Hjalli á Vegamótum voru komnir í spilið gerðust alvöru hlutir. Í Eyjum eru til merkilega margar sögur af skotvopnum og sprengingum sem eru lyginni líkastar og voru hvellir og sprengingar ekki svo mikið að slá fólk út af laginu. Jafnvel þegar skotinn var fugl á húspaki, eða á skorsteininum eins og hjá Halla Kela eða bara rúðu stútað með skoti úr loftrifflí. Á gamlárskvöld sprengdum við krana við höfnina og okkur þótti mjög tilkomumikið að sjá hann falla niður. Þá ætluðum við að taka dýnamít úr geymslu bæjarins, en lásinn var okkur erfiður og sem betur fer notuðum við ekki dýnamít þó áhugi hafi verið á því og kappið orðið algjört brjálæði. En við náðum að sprengja svarta húsið



Lundaveisla á Látrum, fv. Klara Friðriksdóttir, Jón Ísak, Ingvar Högni og Ósk Ingvarsdóttir.

upp á loft og gramsa þar í nýjustu eintökunum af Familie Journal og Hjemmet. Í blöðunum voru frægar myndasögur. Ég las þetta allt upp til agna og danski textinn síðast inn í hausinn á mér. Þannig lærði ég dönsku og sagði krökkunum í skólanum að ég talaði dönsku eins og Ripp, Rapp og Rupp sem þótti saga til næsta bæjar á þeim tíma.

úr kerru. Einar Skæringsson í Baldurshaga keyrði trukkin sem dró á eftir sér kerrurnar með humrinum og Guðmundur Ásbjörnsson var verkstjórinn okkar. Mér fannst þetta ekki sérlega skemmtilegt starf, en ég átti eftir að vinna í bæjarvinnunni og svo var ég vinnumaður á Svínafelli í Öræfum eins og bræður mínir.



Kapparnir komnir í súlubyggðina í Eldey, fv. Valur Andersen, Henry Gränz, Hörður Hilmarsson, Ólafur Kristinn Tryggvason, Guðjón Jónsson og Ragnar Jónsson á Látrum.

undir Skiphellum, rétt fyrir neðan sprönguna, eftir þá sprengingu stóð aðeins eftir ein spítuhrúga, allt í tætlum. Þetta var í sjálfu sér aldrei fréttæmt, en í dag færi samfélagið á hliðina af einni svona frétt, hvað þá fleirum.

Það voru margar skemmtilegar úteyjaferðirnar og ekki var alltaf lagt í ann með mikilli fyrirhyggju. Við vorum hópur af góðu fólki í Bjarnarey og lentum í margra daga festu, en auk mín voru í hópnum Keli í Sandprýði, Óli Gränz, Hjalli á Vegamótum, María Sigrún Jónsdóttir og Anna Svala Johnsen. Það gerði alveg snælduvitlaust suðaustan veður og við komumst hvergi og það kláraðist allt. Kosturinn, vatnið og rafmagnsstöðin fór í steik og það var allt tómt og tappalaust.

Við Óli Gränz fórum með Brunó ríffilinn minn og náðum að skjóta nokkra lunda þegar allur maturinn var búinn. Þá fórum við Anna Svala út að holu þar sem myndaðist mikill hvirfill í rokinu og þar kom lundinn og lamdist niður í vindinum og við Anna Svala náðum nokkrum lundum sem við höfðum í matinn. Brimið var alveg rosalegt og við sáu togara fara út og það var svakaleg sjón að sjá skipið örslast á móti öldunni og við vorum ekki hjartsýn um björgun. En það lygndi og Léttir kom og sótti okkur, við vorum dregin um borð og þar með lauk þessu ótrúlega ævintýri okkar eftir viku festu í Bjarnarey.

Eldey klifin árið 1971

Eldey var fyrst klifin 30. maí árið 1894 af þremur Vestmannaeyingum, Eldeyjar-Hjalta Jónssyni og bræðrunum Ágústi og Stefáni Gíslasonum. Eldey er 77 metra

hár móbergsstapi og þar búa um 15.000 pör af súlu. Í leiðangrinum 26. júlí árið 1971 voru með mér Ólafur Kristinn Tryggvason, Valur Andersen, Henry Gränz, Hörður Hilmisson, Guðjón bróðir og Árni Johnsen.

Það var Vilhjálmur Hinrik Ívarson, Hinrik í Merkesi faðir söngkonunnar Ellý Vilhjálms, sem hét reyndar Eldey, en kölluð Ellý. Hinrik eins og hann var alltaf kallaður sigldi með okkur út í Eldey, en Eyjamenn fóru síðast í eyjuna árið 1939 og honum fannst það skemmtilegt verkefni. Klifrið upp bergið tók fjórar klukkustundir, það voru góðar syllur á leiðinni en efstu 20 metrarnir voru erfiðastir þar sem bergið hallast fram.

Guðjón bróðir fór fyrstur upp á brún og notaði til þess stiga, hann stóð í efstu tröppunni og náði að slengja bandi yfir gamlan bolta sem þarna var og náði þannig að komast upp. Guðjón aðstoðaði svo Val Andersen í Sandprýði sem er líka rosaalega góður fjallamaður, sterkur og algjörlega óhræddur í erfiðustu aðstæðum og svo komu við hinir á eftir. Við drógum upp kókkassa sem var það eina sem við höfðum með okkur og annar útbúnaður var í stíl við kókið, gamlir skór og gallabuxur sem ekki væri boðlegt í dag.

Eldey er mögnuð, ótrúlegt fuglalíf og sólin í lok júlí skilur eftir mynd í huga manns sem aldrei hverfur. Varp súlunnar dreifist á langan tíma og í hreiðrunum sem ég skoðaði var allt frá því að vera egg eða fleygur ungi og súlan dreifði varpinu fram á haustið. Ég merkti ekki margar súlur í þessum leiðangri en þegar við fórum seinni leiðangurinn árið 1981

merktum við 500 súlur.

Þar sem Eldey er friðuð og leyfi þarf til að klífa hana vorum við kærðir fyrir leiðangurinn. Það kostaði töluvert málaskak og yfirheyrslur hjá lögreglu. En pabbi þekkti Vilhjálm Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, og sagði honum frá málinu. Vilhjálmur tók þá til sinna ráða og svo fór að málið var látið dautt niður falla. Við gerðum enda



Ragnar við merkingar á súlu á yngri árum.

ekkert annað en gagn í leiðangrinum, björguðum súlu úr netum, merktum, skráðum og mynduðum einstakt fuglalíf í Eldey. Það er auðvitað afrek að klífa Eldey og er aðeins á færi góðra fjallamanna. Síðari tíma þyrfluferðir breyta þeirri staðreynd ekki.

Skurðlæknir og lögfræðingur

Eftir að hafa tekið ársfrí frá námi og sinnt áhugamálum og vinnu lauk ég stúdentsprófi frá MR og hélt í Háskóla Íslands. Ég ætlaði að verða náttúrufræðingur, en það var svo löng biðröð eftir viðtali þar, líka í efnafraeðideildina svo ég datt óvart inn í læknisfræði. Við vorum 50 sem lukum sex ára bóklegu læknisnámi af 150 sem hófu námið. Ég fór hefðbundna leið, starfaði sem kandidat á geðdeild Borgarspítalans og á skurðeildinni með Sigurjóni Kjartanssyni. Var á Húsavík í hálft ár og síðan á Slysadeild sem súper kandidat á nýrri námstöð fyrir bæklunarlækningar og síðan með stöðu á heila- og taugadeild í tvö ár. Fór þaðan til Svíþjóðar, var í Örebro og Salgrenska í Gautaborg og kem heim árið 1991 sem bæklunar-skurðlæknir með hryggskurðlækningar sem sérgrein.

Næstu árin voru mjög annasöm enda eini læknirinn í minni stöðu hér á landi og tók öll háls- og hryggjarbrot í 10 ár sem var álag. Í dag eru lítið fleiri starfandi í faginu, en það er gott fólk og kann vel til verka og það tók við góðu búi. Að stunda þessar sérhæfðu lækningar kallar eftir góðu líkamlegu atferli, úthaldi og einbeitingu í 8 tíma aðgerðir og þær lengstu náðu 17 klukkutímum. Ég starfaði líka í Orkuhúsinu við fótaaðgerðir og þá var farið að vísa til mín trygginga- og mistakamála og eina leiðin til að sinna því að viti var að ég fór í

lögfræði. Ég tók Master í lögfræði árið 2008 og fékk þá töluvert af mínu námi metið í það nám. Með mitt nám var ekki möguleiki að ég starfaði í Eyjum, en þar liggja rætur mínar og ég hef séð eftir fuglaskoðuninni, merkingum og lífinu í fjöllum sem ég hélt reyndar lengi lífinu í. Fugla-

merkingar voru tímafrekar en ég reyndi að halda í veiðimennskuna og fór í gæs og lunda í Hrauney og Hænu, en ég er ekki magnveiðimaður, en held mér við. Ég fór reyndar með Árna Johnsen í Grímsey og þar sá ég mesta magn af lunda sem ég hef séð og þekki ég vel til. Ég var að merkja lunda og þurfti að spá í hvert sinn hvort ég vildi merkja fuglinn eða fá bringuna á pönnuna. Síðar stóðu mér allar dyr opnar að merkja fugla, sérstaklega súluna.

Vestmannaeyjar eiga stað í hjarta mínu eins og þeirra sem alast þar upp og njóta þeirrar náttúru og fegurðar sem Eyjarnar bjóða upp á. Mér leið alltaf mjög vel í Eyjum, átti gott heimili og fjölskyldu, en eðlilega hafa ýmis tengsl rofnað eða fennt yfir sporin sem ég hugsa um og hef séð eftir.

Níu manns létust

Sögur um tréspírann í Eyjum og öll dauðsföllin sem fylgdu vöktu athygli mína, ekki bara sem læknis heldur sú leyndarhyggja og þöggun sem hvíldi yfir málinu frá upphafi og þegar ég var barn. Ég hafði heyrt svo margar sögur frá pabba og Stebba pól, en fékk ekki á þeim skýringar. Pabbi og Stebbi ræddu þessi mál á skrifstofunni hjá pabba í hálfum hljóðum og ég mátti ekki heyra hvað fór fram. Mamma sussaði á mig þegar ég spurði og þeir sem ég ræddi við ýttu málinu á undan sér og vildu ekki tala um það. Ég ákvað því að rannsaka þetta mál og skrifaði um það grein sem birtist í Læknablaðinu á sínum tíma.

Í aðdraganda Þjóðhátíðarinnar árið 1943 fannst tunna á reki vestur við Þríðranga sem innihélt 200 lítra af vínanda. Tunnunni var komið fyrir í veiðafærakró og tekið var sýni af vínandanum og farið með það til apótekarans í Eyjum.



Myndin er tekin á tröppunum við Barnaskólann í Eyjum af 1952 módelinu.

Apótekarinn sagðist ekki hafa fullreynt eða fundið neitt alvarlegt en hann mundi ekki drekka vökvann. Þeir létu þetta gott heita, skiptu vökvannum á milli sín og fóru með góðan slurk til Láka í Turninum sem fannst þetta góður metall. Þá var hluti af vökvannum seldur og svo var töluvert af honum drukkið á Þjóðhátíðinni, en í kjölfarið komu afleiðingarnar sem voru svakalegar. Láki í Turninum fannst látinn en alls dóu níu manns, Andrés blindi fékk bólgur í sjóntaugina og varð blindur út ævina en aðrir sluppu fyrir horn með skerta sjón.

Allt þetta mál var mjög dramatískt og hræðilegt eins og fram kom í viðtölum mínum við þá sem

lifðu af og ég náði í á sínum tíma. Fólk mundi eftir óhljóðum og öskrum frá spítalanum sem stöfuðu af óstjórnlegum kvölum vegna eitrunar og myndun maurusýru í maga fólksins. Fyrstu áhrifin af drykkju tréspíra eru sljóleiki, skertar hreyfingar og kviðverkir. Langvinnar afleiðingar hjá þeim sem lifðu eitrunina voru blinda og nýrnabilun.

En þrátt fyrir allt er líklegt að vont veður á Þjóðhátíðinni og minni þátttaka fólks í dagskrá hátíðarinnar hafi bjargað mörgum mannslífum. Það var líka tilviljun ein að Súlli á Saltabergi lenti ekki í spíranum, en hann og Bía fóru inn í Dal seinna kvöldið. Súlli var alltaf með gítarinn kláran að

skemmta sér og öðrum en það var verið að bíða eftir blandi í tjalduinu. Rétt áður en blandið kemur stendur Súlli upp og segir, „Bía mín við skulum bara koma heim, ég vil ekki vera hérna lengur.“ Það er mjög líklegt ef minn gamli vinur hefði fengið blandið hefði hann ekki látið sitt eftir liggja og fengið sér í glas með ófyrirséðum afleiðingum.

Það hefur oft verið stutt á milli feigs og ófeigs í sögu Vestmannaeyja, Tyrkjaránið, eldgosin í Surts-ey og Heimaey og saga tréspírans er dæmi um stórbrotna sögu Eyjanna. Við hvert og eitt eigum okkar þátt í henni og þau tengsl, náttúran og sagan, verður alltaf líflínan mín og vaður til Eyja.

Hárgreiðslustofan Sjampó

Mjúkir brúnir tónar og ljóst dempað hár

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Ásta Hrönn Guðmannsdóttir, ein eigenda hárgreiðslustofunnar Sjampó, ræddi við Eyjafréttir um hártískuna í haust og gaf jafnframt góð ráð um umhirðu hársins í kuldanum. Hún deildi með okkur hvaða litir og stílar njóta vinsælda þessa dagana og hvað skiptir mestu máli til að halda hárinu heilbrigðu yfir vetrarmánuðina.

Þegar spurt er hvað sé vinsælast þegar kemur að hári nú í haust



Ásta Hrönn Guðmannsdóttir.

segir Ásta áhersluna vera mjúkir brúnir tónar, ljóst dempað hár, skuggi í rótina ásamt koparlitum sem koma alltaf sterkir inn á haustin.

Hún segir að helstu mistök sem fólk geri þegar kemur að hárum-hirðu sé að hugsa ekki nógu vel um hárið heima eftir litun.

„Við mælum alltaf með að nota hitavörn, en því miður eru enn þá of margir sem nota ekki hitavörn fyrir sléttun og blástur. Einnig bendum við fólki á að við mælum ekki með að fara að sofa með blautt hár. Fyrir þá sem eru með hársvarðar vandamál þá er einnig

geggað ráð að blása rótina,“ segir Ásta Hrönn.

Aðspurð hvað sé í persónulegu uppáhaldi hjá Ástu þegar kemur að hári segir Ásta það vera að strípa hár. „Ég elska að vinna vel heppnað ljóst hár, en mér þykir mjög gaman að leika mér með tóna og skol.“

Ásta segir mikilvægt þegar fer að kólna úti að passa upp að fara ekki út með blautt hár, muna að næra hárið vel og nota góða djúpnæringu. Hún segir einnig gott að nota næringarsprey ef hárið verði mikið rafmagnað úti í kuldanum.

Sæbjörg byrjaði að hlaupa 27 ára ≡ Hlaupin lögð til hliðar eftir slys Íslandsmetið í 100 km hlaupi kvenna stendur óhaggað

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Sæbjörg Logadóttir á að baki glæstan feril í hlaupum. Hún hefur lokið nokkrum maraþonum, ásamt tveimur 100 km hlaupum og á enn þann dag í dag Íslandsmeistaratitil kvenna í 100 km hlaupi, frá 2011. Hún varð því miður að leggja hlaupin til hliðar eftir slys sem hún varð fyrir 2016 og 2018. Við ræddum við Sæbjörgu um hlaupaferilinn, íþróttaáhuga og meiðslin.

„Ég byrjaði að hlaupa í kringum 2004, eða 27 ára gömul.“ segir Sæbjörg. Hún segist ekki hafa hlaupið mikið þegar hún var yngri en hafði samt áður stundað frjálsar íþróttir ásamt því að hafa verið áhugasöm um íþróttir. Það var svo þegar hún varð aðeins eldri sem hún fór að stunda líkamsrækt að áhuginn á hlaupum kviknaði. Hún byrjaði að prófa sig áfram og fann að hlaupin áttu vel við hana, henni fannst þau skemmtileg og hún átti tiltölulega auðvelt með þau.

Sæbjörg segir að það erfiðasta við hlaupin hafi einfaldlega verið að koma sér út. „Þegar maður er kominn af stað er þetta lítið mál og bara skemmtilegt.“ Það sem heillaði hana mest við hlaupin var útiveran og endorfínið. „Endorfínið sem hlaupin gefa er öðruvísi en frá annarri hreyfingu, það er öðru-



Sæbjörg Logadóttir ásamt sonum sínum Hafþóri Loga, Jón Gunnari og Brynjari Þór.

vísi upplifun og ég held að fólk sem stundi hlaup sækist svolítið í það, þó svo að önnur hreyfing sé líka góð og skemmtileg.“

„Í upphafi byrjaði ég að hlaupa á milli stika og ganga og hlaupa til skiptis alveg þangað til ég var farin að hlaupa allan tímann. Mér fannst fyrstu 3 km alltaf erfiðir en svo eftir það var þetta lítið mál.“

Slys settu strík í reikninginn

Sæbjörg segist lítið geta hlaupið í dag í kjölfar slyss sem hún lenti í 2016, en hún varð fyrir því óhappi að detta niður stiga í Herjólfu og fá manneskju ofan á sig. Hún lendir á baki og höfði og meiðist illa. Tveimur árum síðar lendir hún svo í hörðum árekstri þar sem hún

meiðist einnig. Hún segir að þó svo að hún geti ekki hlaupið í dag geti hún gert margt annað.

„Mér fannst erfið að þurfa að hætta að hlaupa, en ég fór samt ekkert í fýlu og hætti að æfa. Ég ákvað bara í staðinn að einbeita mér að öðrum æfingum sem ég er fær um að gera. Í dag geri ég styrktaræfingar, fer út að ganga, tek góðar teygjur og fer í jóga. Ég er einnig búin að fara í bakskólann á Stykkishólmi þar sem ég lærði margar góðar æfingar ásamt því að hafa farið á Reykjalund sem kenndi mér einnig margt.“ Þó svo að Sæbjörg geti ekki hlaupið í dag segist hún vera mikil áhugamanneskja um hlaup og henni þyki gaman að fylgjast með þeim.

„Fólk hefur svo mismunandi hlaupastíl og það er áhugavert að fylgjast með því líka.“

Íslandsmetið stendur enn

Árið 2011 tók Sæbjörg þátt í 100 km hlaupi, og á enn þann dag í dag Íslandsmeistaratitil kvenna í því. Hún hljóp á tímanum 9 klukkustundir, 12 mínútur og 46 sekúndur. Hvað finnst Sæbjörgu um það að eiga þennan titil enn þann dag í dag? „Ég vissi nú ekki af þessu fyrr en fyrir stuttu, en mér finnst það bara mjög skemmtilegt.“ segir hún. Sæbjörg fór ekki í hlaupið með það í huga að verða Íslandsmeistari en það hafi vissulega verið skemmtilegt. Henni datt ekki í hug að hún yrði svona fljót að hlaupa þessa 100 km. „Ég mætti bara eins og ég væri nýkomin úr sveit með ullarvettlinga, á meðan allir aðrir voru svakalega vel búnir með hlaupagleraugu og allar græjur.“ segir hún og hlær. Undirbúningur hennar fólst í því að borða heila brauðlengju nóttina fyrir og mæta svo í hlaupið með ullarvettlinga og grænan drykk í flösku.

Stoltust af styrktarhlaupinu

Aðspurð hverju hún sé stoltust af á sínum hlaupaferli segir Sæbjörg það hafa verið þegar hún tók 100 km á hlaupabretti í Hressó. Um var að ræða styrktarhlaup fyrir íþróttafélagið Ægi. Þá hljóp hún í fyrsta sinn 100 km og var fólk að mæta og hvetja hana áfram ásamt því að skiptast á að hlaupa með henni. Það var svo ári seinna sem hún sá hitt hlaupið auglýst og hún ákvað að slá til. Hún segist ekki hafa gert sér grein fyrir hversu megnug hún var, og vissi í raun ekki fyrr en þarna að hún væri svona góð í hlaupum. Hún segir það hafa verið gríðarlega góðan undirbúning fyrir þetta hlaup sem og maraþonin sem hún hefur farið í að hlaupa svona mikið hér í Eyjum í öllum brekkunum. En Sæbjörg hefur einnig farið í þrjú heil maraþon, ásamt þrem hálfmaraþonum.

Hvaða ráð myndi Sæbjörg gefa fólki sem er að byrja að hlaupa? „Það er í raun bara að koma sér út og byrja. Byrja bara smátt og fara svo lengra og lengra. Ég gerði það þannig á sínum tíma. Passa að ætla sér ekki of mikils í byrjun.“



Íslandsmeistari kvenna í 100 km hlaupi í 14 ár.



Sæbjörg var fyrst kvenna í mark.

Lagarlíf 2025 ≡ Vestmannaeyingar á nýjum vettvangi:

Tryggir vöxt og uppbyggingu atvinnulífs og samfélags

Lagarlíf 2025 fer fram í Silfurbergi í Hörpu dagana 30. september og 1. október. Ráðstefnan ber yfirskriftina Eldi og ræktun og sameinar sérfræðinga, vísindafólk, fyrirtæki og opinbera aðila sem vilja efla þekkingu og samstarf í fiskeldi og lagaræktun. Á dagskránni eru fjölbreyttir fyrirlestrar og pallborðsumræður um meðal annars sjálfbærni, nýjar tæknilausnir, dýravernd og leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum. Ráðstefnan veitir einnig einstakt tækifæri til að mynda ný tengsl og efla samstarf innan sjávarútvegs og rannsókna á sviði lagareldis. Fulltrúar frá Vestmannaeyjum verða á svæðinu.

Aðalagast nýjum veruleika

Á ráðstefnunni mun Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxey, fjalla um sögu Laxeyjar og hvernig fyrirtækið hefur á síðustu misserum tekið stakkaskiptum. Það hefur þróast frá því að vera eingöngu í uppbyggingarferli yfir í að hefja sjálfa ræktun á laxi. Hann mun fara yfir þær áskoranir og þann lærdóm sem fengist hefur á þessu umbreytingatímabili og hvernig fyrirtækið hefur aðlagð sig nýjum veruleika. Lárus mun jafnframt ræða hvað framtíðin ber í skauti og hvert næstu skref gætu orðið í starfsemi fyrirtækisins.



Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxey.

Samskipti skipta sköpum

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri mun einnig vera með erindi sem mun fjalla um samskipti, traust og mikilvægi orðspors. Hún mun ræða hvernig samfélagið og bærinn hafa unnið í nánú samstarfi við fyrirtæki á svæðinu, þar á meðal Laxey, til að tryggja vöxt og uppbyggingu bæði atvinnulífs og samfélags. Hún mun jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að hlúa stöðugt að orðspori og ímynd sem hefur aldrei verið mikilvægara en í nútímasamfélagi þar sem traust og góð samskipti skipta sköpum. Þess vegna þurfi fyrirtæki að eiga í opnu samtali við íbúa.

Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri Lagarlífs

Hef upplifað laxeldið sem ævintýri

≡ Uppbygging Laxeyjar er umtöluð ≡ Til fyrirmyndar fyrir sporgöngumenn landeldis ≡ Býður Vestmannaeyinga velkomna á Lagarlíf 2025 í Hörpu

Sem Vestfirðingur hef ég upplifað laxeldið sem ævintýri. Áhrifin á lífskjör og tækifæri Vestfirðinga hafa verið gríðarleg, enda er fiskeldi hátæknigrein sem kallar á mikinn mannaud og menntun ásamt verðmætasköpun. Ég þykist vita að sama sé upp á teningnum á Austfjörðum þar sem sjóeldi er einnig orðin mikilvæg atvinnugrein og stendur undir verðmætasköpun í fjórðungnum.

Það er aðeins á Vestfjörðum og Austfjörðum sem sjóeldi hefur verið leyft, enda eru flestar laxveiðiár landsins utan þess svæðis, en helsti ágreiningur hér á landi hefur snúist um meinta erfðamengun Atlandshafslaxins.

Landeldið er ekki síður ævintýri og byggist aðalega upp í Vestmannaeyjum, Suðurlandi og Reykjanesi. Mesta uppbyggingin á sér stað í Ölfusi og Vestmannaeyjum og eins eru framkvæmdir hafnar á risaeldi sem nýtir frárænnslu frá Reykjanesvirkjun. Það sem þessi svæði hafa fram að bjóða og er einstakt í heiminum, er hreint vatn, gnægð af hreinum jarðsjó með réttu hitastigi og umhverfisvæn orka. Ef sjóeldi er



Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri Lagarlífs.

hátæknigrein sem kallar á mikla sérfræðipekkingu, þá er landeldi jafnvel enn flóknara. Sama gildir um annað lagareldi á Íslandi, en miklar vonir eru bundnar við hina ýmsu greinar þess.

Fjórða stoðin

Gangi áætlanir eftir í lagareldi mun það hafa mikil áhrif á íslenskan efnahag, og raunhæft að tala um fjórðu stoðina, á eftir sjávarútvegi, ferðaþjónustu og orkufrekum iðnaði. En áskoranir

eru miklar í þessu tiltölulega nýju atvinnugrein Íslendinga.

Í sjóeldinu þarf að takast á við meinta erfðamengun sem hefur haft neikvæð áhrif á almenningsálitið. Menn hafa alls ekki setið með hendur í skauti hvað það varðar. Mikil rannsóknar og þróunarstarf hefur verið unnið og enn meira er fram undan. Búnaður hefur verið stórbættur, meiri kröfur gerðar um verkferla og mikil rannsóknar- og þróunarvinna er varðandi geldfisk.

Framkvæmd til fyrirmyndar

Í Noregi er það dýravelferð sem er efst á baugi varðandi fiskeldið. Vaxandi áhersla hefur verið á þann þátt hér á landi. Í sjóeldinu er það laxalúsinn sem mestu máli skiptir, en bara á Norðurlöndum kostar hún laxeldið yfir 200 milljarða króna. Fiskeldisbóndinn tekur þetta alvarlega og veit að saman fer heilbrigður fiskur og góð afkoma.

Fóðurgerð fyrir fiskeldi í heiminum er gríðarlega mikilvægt mál þar sem finna þarf prótein til að rækta milljónir tonna. Uppstaða fóðurgerðar í dag kemur úr soyja-

baunum en besta fóðrið kemur frá uppsjávarveiðum en dugar engan veginn til að mæta þörfinni og er of dýrt.

Í landeldinu þarf að stýra öllu ferli þannig að fiskurinn vaxi á heilnæman hátt, stilla af alla þætti og koma í veg fyrir utan að komandi hættu. Einnig er fjárfestingakostnaður gríðarlegur og þarf allt að ganga upp til að rekstrarárangur náist.

Í Vestmannaeyjum er verið að byggja upp glæsilega landeldisstöð, og hefur öll sú framkvæmd verið til fyrirmyndar. Tryggt að samfélagslegur stuðningur sé við verkefnið og eigendur skuldbundid sig að sinna því til langs tíma, sem er forsenda þess að fjárfestar komi að því. Árangur við uppbyggingu Laxey er umtalaður og til fyrirmyndar fyrir sporgöngumenn landeldis.

Ég vil bjóða Vestmannaeyinga velkomna á Lagarlíf 2025 í Hörpu, dagana 30. september og 1. október nk. Á ráðstefnunni er einmitt tekist á við þær áskoranir sem lagareldið stendur frammi fyrir og þeim tækifærum sem í þeim liggja.

Sigurgeir í Gvendarhúsi

Slippurinn kvaddur

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

*Komið er nú að kveðjustund,
kær er staður að hætta.
Slippurinn oft hefur létt oss lund
með liðan vora bættu.*

*Er nú að kveðja afbragðs lið,
alþekkt orðið um lönd og höf.
Enda þau vitna um ætternið,
afkomendur Binna í Gröf.*

*Að Slippnum er ærin eftirsjá,
eftir stendur ófyllt gat.
Þið eigið skilið og þið munuð fá
þakkir fyrir góðan mat.*

Með þökk fyrir mig og mitt fólk
Sigurgeir Jónsson

„Ég var í sjötugsafmæli Guðrúnar, frænku minnar Garðarsdóttur frá Þorlaugargærði, á fimmtudaginn 11. september en þá bauð hún fjölskyldunni út að borða á Slippnum,“ segir Sigurgeir Jónsson í Gvendarhúsi og var þetta þriðja síðasta kvöldið áður en Slippnum var lokað.

„Og nokkru áður en ég var sóttur hingað heim, settist ég niður og setti saman smáljóð um Slippinn, sem ég er nú búinn að heimsækja vikulega síðustu fjórar vikurnar, í tilefni þess að þau eru nú hætt. Afhenti síðan Gísli Matthíasi ljóðið að málsverði loknum

við mikinn fögnuð hans,“ segir Sigurgeir um veitingastaðinn sem Gísli Matthías átti og rak ásamt fjölskyldu sinni, foreldrunum Katrínu og Auðunni og Indíönu systur hans sem var með í byrjun.

Merkum kafla lokið

Mörg orð er hægt að hafa um Slippinn en ljóst er að kafla er lokið í sögu Vestmannaeyja. Veitingastaður sem við getum verið stolt af en er nú aðeins til í minningunni en minningarnar eru margar og góðar og Takk, Gísli Matt og allt þitt fólk. Nýu rétta matseðillinn sem við hjónin nutum á föstudagskvöldinu var einstök upplifun sem ekki gleymist.



Gísli Matt með foreldrum sínum og samstarfsfólki, Auðunni og Katrínu.
Mynd Karl Petersson.



Fjöldmenn var á lokakvöldinu og mikið fjör langt fram á nótt.
Mynd Karl Petersson.



Sigurgeir: Gísli heimaði að við yrðum myndaðir saman í tilefni þess að ég afhenti honum ljóðið.

Fyrsta slátrun hjá Laxey í nóvember

„Nú er verið er að setja upp vinnsluáðstöðu úti í fjöru og gengur sú vinna afar vel. Gert er ráð fyrir að fyrsta vinnslan fari fram í nóvember, tveimur árum eftir að fyrstu hrognin komu í seiðastöðina,“ segir Óskar Jósúason, upplýsingafulltrúi Laxeyjar sem nú stendur á merkum tíma-mótum.

Verkefnið hefur að mestu verið leitt af Kristmanni Kristmanns-syni, verkefnastjóra vinnslu og innkaupa hjá Laxey. Kristmann hefur mikla reynslu af slíkum verkefnum, meðal annars frá fyrri



Allar prufur sem teknar hafa verið hafa staðist kröfur.

störfum sínum hjá Marel.

„Vinnslubúnaðurinn er hannaður og afhentur í samstarfi við Ístækni og Baader og er lögð áhersla á nútímalega, hagkvæma og sjálfvirka vinnslu sem tryggir hágæða afurð og góða nýtingu hráefnis.

Nokkrar prufur hafa þegar verið gerðar á laxinum og fleiri eru fyrirhugaðar á næstunni. Allar prufurnar hingað til hafa staðist okkar kröfur, og ríkir mikil bjartsýni varðandi gæði afurðarinnar og framtíð vinnslunnar,“ segir Óskar.

María Pétursdóttir er mikil áhugakona um heimili og hönnun

Ástriða og áhugi alltaf verið til staðar

≡ Óhrædd við að ganga í hlutina

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

María Pétursdóttir sem er einn eiganda Hárhússins er mikil áhugakona um allt sem kemur að heimili og hönnun. Áhugi hennar hefur fylgt henni allt tíð og er hún óhrædd við að ganga í hlutina hversu stórir eða smáir sem þeir eru. Maja eins og hún er kölluð er einstaklega mikil smekksmanneskja með afar gott auga fyrir smáatriðum. Áhugi hennar á heimili og hönnun byrjaði strax í foreldrahúsum og 14 ára var hún strax byrjuð að stíliserar herbergið sitt og umhverfi. Tók sína fyrstu íbúð alveg í gegn þegar hún var aðeins 18 ára gömul og hefur haldið áfram á þeirri braut. Maja segist alltaf hafa haft þetta í sér án þess að þæla sérstaklega í því. Hún var snemma byrjuð að þæla í heimilum fólksins í kringum hana, bæði hjá foreldrum og öðrum. „Ég man enn þann dag í dag hvernig heimili fólks í kringum mig var skreytt og uppsett.“

Hugmyndirnar koma auðveldlega

Aðspurð hvar Maja fái helst innblástur fyrir heimilið segir hún hann koma frá ýmsum áttum. „Ég skoða blöð, Pinterest og allt sem



María Pétursdóttir er mikil smekkkona sem hefur mikinn áhuga á heimili og hönnun.

viðkemur og fylgist með verslunum. Einnig er ég mjög fljót að sjá út hlutina. Þegar fólk spyr um hugmyndir fyrir rými er ég fljót að finna út hvað myndi passa og hvar hlutirnir fást,“ segir hún.

Maja hefur verið dugleg að ráðleggja og aðstoða fólk í gegnum í tíðina og fékk nýverið það verkefni að innrétta nýja íbúð

frá grunni hér í bænum. Aðspurð hvað hafi komið til að hún hafi fengið þetta verkefni segir Maja að eigendur íbúðarinnar hafi leitað til sín.

„Fjóla og Ingi eigendur íbúðarinnar komu til mín og báðu mig um þetta verkefni. Ég hef áður aðstoðað Fjólu og hún hefur fylgst með því sem ég hef verið að gera

í gegn um tíðina og hvatt mig til þess að fara taka þetta að mér.“

Maja fékk frjálssar hendur við að innrétta íbúðina og valdi allt frá innréttingum og gólfefnum yfir í skreytingar og muni. „Það var alveg dásamlegt að vinna með Fjólu því hún treysti manni 100%. Við vorum báðar mjög sáttar við lokaútkomuna.“



Hárgreiðslustofan var tekin í gegn á sínum tíma og hannaði Maja sjálf stofuna.



Hér má sjá mynd af stúdíó íbúðinni sem Maja innréttaði í vor.



Heimili Maju er einstaklega smekklegt og hlýlegt, en hún hefur dundað sér í gegnum árin að gera það að sínu.

Maja hefur áður hjálpað til með framkvæmdir og breytingar og eitt af því sem stendur upp úr er þegar hún aðstoðaði dóttur sína og tengdason við að taka heimili þeirra í gegn. En þá hafi hún fengið að fara hamförum eins og hún orðar það.

„Við máluðum alla glugga dökka, innihurðir sömuleiðis og eldhúsið. Eftir um ári seinna, eftir miklar þælingar var skipulaginu breytt þannig við opnuðum á milli baðherbergis og herbergis sem varð stórt og opið eldhús. Víslað þannig að eldhúsið, sem var fyrir mjög lokað varð herbergi, rýmið á hæðinni stækkað og opnaðist mikið og setti sama gólfefni á alla hæðina. Baðherbergið var fært niður á neðri hæð og var gert tilbúið áður en farið var í stóru framkvæmdina.

Þá fluttu þau með sín tvö börn heim til okkar í átta mánuði sem var dásamlegur tími. Útkoman var afar vel heppnuð og ég þakklát fyrir traustið að fá stjórn þessum breytingum, en þau vissu svo sem að hverju þau gengu, þar sem ég hefði líkað aðstoðað þau við hönnun á fyrri heimili,” segir Maja.

Maja sá einnig um alla hönnun á Hárhúsinu sem var áður Ísjakinn. Miklar breytingar eftir kaupin enda allt annar rekstur en fyrir var. Hún segir hugmyndirnar koma til sín frekar náttúrulega og hún hafi í raun ekki mikið fyrir þeim. Hún hefur alla tíð verið óhrædd við að ganga í hlutina hvort sem það er að mála, bólstara, dúkaleggja, veggfóðra eða annað slíkt.

Mottur, púðar og veggfóður skapa hlýlega stemningu

Aðspurð hver séu hennar helstu ráð til að skapa hlýja og notalega stemningu heima fyrir segir hún það skipti fyrst og fremst máli að velja það sem fólki líði vel með. Persónulega þyki henni mikilvægt að hafa heimilið heimilislegt og nefnir að lampar, mottur, púðar, gardínur, veggfóður, kerti og plöntur geri alltaf mikið til að skapa notalegt andrúmsloft. Maja segist sjálf nota bæði gamla og nýja muni, það gefi heimilinu meiri karakter.

„Ég mæli einnig með að þegar verið er að velja liti inn á heimilið að fá prufur fyrst og skoða hvernig allt passar saman. Það er ekkert leiðinlegra en að mála kannski í einhverjum lit sem þú ert síðan ekkert ánægður með.“

Maja segist einu sinni hafa gert þau mistök að hafa málað án þess að fá prufu, en þá málaði hún herbergi í fallegum bleikum lit en um leið og hún var búin fannst henni liturinn

alls ekki passa og þurfti að breyta um lit. Hikaði ekki við að gera það nokkrum vikum seinna til að vera ánægð með útkomuna.

Hvernig myndir þú lýsa þínu persónulega stíl þegar kemur að heimilinu?

„Hann hefur verið svolítið breytilegur gegn um tíðina í samræmi við tísku og tíðaranda en alltaf allt í stíl. Síðan við fluttum í húsið okkar fyrir 18 árum hef ég heillast mest af náttúrulegum hlýlegum litum. Við tókum húsið alveg í gegn á sínum tíma og máluðum þá allt hvítt til að byrja með, og hnota og hvítar innréttingar voru gegnumgangandi.

Smátt og smátt fékk hvert herbergi sinn stíl með nýju litavali og gerðist það í rólegheitum. Enda stórt og mannmargt heimili. Mér þykir mikilvægt að ná að finna sig aðeins á heimilinu áður en maður ákveður hvernig allt á að vera. Þegar þrjár elstu dæturnar voru að mestu farnar fór ég á fullt aftur og hef breytt nánast öllu síðan 2014 og það er erfitt að hætta. Í fallegu umhverfi anda ég fegurðinni og notaleg heitunum að mér og líður svo vel og notaleg tónlist og kertaljós toppar það.“

Hefur hug á að bjóða fram krafta sína

Hefur þú áhuga á að taka að þér fleiri verkefni í framtíðinni sem tengjast innréttingu heimila og fyrirtækja? „Já, ég hef mikinn áhuga á því, ég nýt mín í botn í svona verkefnum og finnst þetta gríðarlega skemmtilegt, ég get ekki haldið endalaust áfram heima þó húsið sé stórt og herbergin mörg. Fjóra hefur einmitt oft hvatt mig áfram til að stíga þetta skref og hef ég tekið ákvörðun um að nú sé rétti tíminn til að fara af stað.

Ég er með nokkur verkefni í gangi og ég ætla að bjóða bæði upp á stærri og smærri verkefni. Það getur verið allt frá því að breyta einu herbergi yfir í ráðgjöf á heilu húsin. Hvort sem fólk vill nýta gamla hluti og gefa þeim nýtt líf. Til dæmis með málningu, eða velja allt nýtt frá grunni. Það getur líka falið í því að taka niður veggi eða skapa nýtt rými með einföldum leiðum. Þetta ætla ég að gera meðfram minni vinnu en ég hef unnið við hárgreiðslu alla tíð frá lok grunnskóla. Á næstunni eru breytingar í vöndum og ég reikna með bjóða upp á hárgreiðslu og ráðgjöf á sama stað. Hlakka til nýrra tíma.“

Áhugasamir geta fylgst með Maju á Instagram undir nafninu majapeturs, María Pétursdóttir og haft samband við hana fyrir verkefni.



Munurinn á almennum tryggingum og sértækum sjómanna-tryggingum er að sjómanna-tryggingar taka mið af þeim aðstæðum sem sjómenn búa við.

Mynd: Óskar Pétur

Mikilvægt að sjómenn séu rétt tryggðir - alltaf

Tryggja váttryggingamiðlun, elsta miðlun landsins sem hefur starfað í 30 ár, sérhæfir sig í heilsutryggingum og sértækum sjómanna-tryggingum. Verkefnastjóri heilsutrygginga hjá Tryggja, Agnes Hildur Hlökkversdóttir, segir mikilvægt að sjómenn hafi öflugar tryggingar sem taka tillit til áhættu sem fylgir starfi á sjó.

Hvað eru sjómanna-tryggingar?

Aðspurð segir Agnes að sjómanna-tryggingar séu sérstaklega tryggingar fyrir þá sem starfa á sjó, hvort sem það eru atvinnusjómenn, fiskimenn eða aðrir sem vinna til sjós. Starfið geti verið hættulegt og því sé mikilvægt að tryggingarnar standi undir sínu, enda sé algengt að alvarleg slys eða veikindi tengist störfum á sjó.

Hún útskýrir að helsti munurinn á almennum tryggingum og sértækum sjómanna-tryggingum sé að sjómanna-tryggingar taki mið af þeim aðstæðum sem sjómenn búa við. Þetta felur meðal annars í sér bætur við slys á sjó, örorku, veikindi, tekjutap og endurhæfingu. Geti haft gríðarleg áhrif á heimilisbókhalðið.

Agnes bendir á að oft gleymist eða vanmetist tekjutapið og langvarandi veikindi. Margir einblíni á slysa- og líftryggingar, sem séu auðvitað mikilvægar, en ef maður missi vinnu vegna veikinda eða slyss án tekjutryggingar geti það haft gríðarleg áhrif á heimilisbókhalðið. Tryggja leggur mikla áherslu á að tryggja þessa þætti líka, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk.

Hvernig tryggja sjómenn sig?

Ef sjómaður vill tryggja sig hjá Tryggja, segir Agnes að ferlið byrji á því að farið sé yfir aðstæður viðkomandi – hvar hann



Agnes Hildur Hlökkversdóttir, verkefnastjóri heilsutrygginga hjá Tryggja.

vinnur, hvað hann er að gera og hvort hann sé sjálfstæður eða á launaskrá. Þetta sé einfalt og fljótlegt að ganga frá í síma, en ráðgjafar Tryggja taka einnig vel á móti þeim sem kjósa að hitta ráðgjafa persónulega.

Hver á rétt á sjómanna-tryggingum?

Agnes segir að rétt sé að allir sem starfi á sjó – hvort sem það er á fiskiskipum, í ferðaþjónustu, vöruflutningum eða öðrum störfum – geti nýtt sér sjómanna-tryggingar. Tryggja hafi einnig séð aukningu í eftirspurn eftir þessum tryggingum, þar sem fólk sé orðið meðvitaðara um mikilvægi þess að vera rétt tryggt. Reynslan sýni að þegar einn sjómaður hafi góða reynslu af tryggingum hjá Tryggja, fylgi oft annar í kjölfarið.

Ráð til sjómanna

Að lokum hvetur Agnes sjómenn til að bíða ekki með að skoða tryggingarnar sínar. Hún segir að það kosti ekkert að fá ráðgjöf og að Tryggja taki alltaf vel á móti fólki, til að tryggja að það og fjölskylda þess sé örugg – bæði á sjó og landi.



Ragnar Þór ásamt eiginkonu sinni Bjarteyju og börnum þeirra, Líam, París og Chloé.

Sjaldgæfur erfðasjúkdómur tók yfir líf Ragnars Þórs

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Ragnar Þór Jóhannsson er 36 ára Eyjamaður sem hefur á síðustu árum þurft að takast á við sjaldgæfan og lífsbreytandi erfðasjúkdóm, Peutz-Jegher sem hefur haft mikil áhrif á hans daglegt líf. Ragnar er giftur Bjarteyju Kjartansdóttur og saman eiga þau þrjú börn, þau Líam, París og Chloé. Veikindi Ragnars bönkuðu fyrst upp á sumarið 2021 og í framhaldi af því tók lífið óvænta stefnu. Í viðtalinu deilir Ragnar reynslu sinni um hvernig hann hefur lært að lifa með sjúkdómnum, hvaða áskorunum hann stendur frammi fyrir daglega og hvernig hann nær að halda í vonina og gleðina þrátt fyrir erfiða daga.

„Ég er einn af þeim óheppnu, en það eru aðeins örfáir í heiminum með svipuð einkenni og ég

„Veikindin bönkuðu fyrst upp á sumarið 2021 í júní og þá fékk ég fyrsta verkjakastið. Ég var búin að finna til í nokkra mánuði en gerði mér enga grein fyrir hvað þetta væri. Var búin að vera rosalega aumur í maga og hélt jafnvel að þetta væri hægðatregða.“ Allt kom fyrir ekki og ágerðist sjúkdómurinn jafnt og þétt í kjölfarið af þessu fyrsta verkjakasti og í dag er Ragnar kvalinn nánast alla daga og hefur verið síðan 2022. Verkirnir eru aðallega í maga en hann finnur einnig fyrir öðrum kvillum eins og taugaverkjum, blæðingum og meltingarvandamálum.

Peutz-Jeghers er sjaldgæfur

erfðasjúkdóm sem einkennist fyrst og fremst af fjölmörgum góðkynja æxlum í meltingarvegi og sérsökum litabreytingum á húð og slímhimnum. Sjúkdómurinn veldur verkjum, blæðingum og jafnvel stíflu í þörmum. Sjúkdómurinn tengist einnig aukinni hættu á krabbameini í meltingarfærum, brjóstum, brisi og fleiri líffærum.

Sjúkdómurinn er breytilegur hvernig hann ræðst á fólk, þannig hvert tilfelli fyrir sig er einstakt. Sumir finna ekki fyrir neinu á meðan aðrir fá mikil einkenni. „Ég er einn af þeim óheppnu, en það eru aðeins örfáir í heiminum með svipuð einkenni og ég,“ segir Ragnar. Sjúkdómurinn er einnig

afar sjaldgæfur en talið er að aðeins 0,001% fólks í heiminum beri hann.

Í helmingi tilfella er sjúkdómurinn erfðagalli en í helmingi tilfella er um skyndileg stökkbreytingu að ræða. Ragnar fékk sína sjúkdómsgreiningu í kjölfarið af erfðarannsókn sem hann gekkst undir. „Fólk getur verið með sjúkdóminn í sér alveg einkennalaust, þar til það fær krabbamein, en líkur á krabbameini aukast verulega hjá þeim sem bera sjúkdóminn,“ segir Ragnar.

Ólæknandi sjúkdómur

Ragnar hefur sem betur fer ekki greinst með krabbamein en hefur þó þurft að gangast undir aðgerðir vegna góðkynja æxlis. „Ég fékk æxli á slæmum stað sem olli bæði miklum skaða og kvölum. Það tókst þó að fjarlægja það, en líkurnar á að ég fái krabbamein á næstu árum eru því miður miklar,“ segir hann og bætir við að eins og staðan sé í dag,

sé enga lækningu að finna við sjúkdómnum. Rangar eru þó undir góðu eftirliti lækna og heilbrigðis starfsfólks sem fylgist vel með framgangi sjúkdómsins. Ragnar þarf reglulega að undirgangast aðgerðir til þess að láta fjarlægja sepa sem myndast innvortis.

En hvernig var upplifunin að vita að þetta væri ólæknandi sjúkdómur? „Mér fannst það rosalega erfitt. Ég var nokkur ár að meðtaka að það væri engin útkomuleið og ég vissi ekki hvað væri fram undan. Ég hugsaði alltaf með mér „ég verð betri í næsta mánuði“, en svo raungerðist það ekki svo ég hugsaði „ég verð betri í næstu viku“ sem raungerðist heldur ekki, þannig í dag tek ég bara eina klukkustund í einu og tekst á við þetta þannig.

Áttaði sig á að sjómennskan væri úti

„Ég var alltaf að reyna að fara út á sjó en endaði aftur og aftur inn á sjúkrahúsi. Ég ætlaði mér að fara í sama far og áður, vera duglegur og halda áfram. En það var svo einn daginn þegar ég lá inn á sjúkrahúsi að ég áttaði mig á að ég væri ekkert að fara aftur út á sjó og það var mjög erfið tilfinning, þar sem sjómennskan hefur verið svo stór partur af mér alla mína ævi. Mér leið eins og ég hefði misst hluta af sálinni og það var mjög sárt og er það enn þá. En þetta var eitthvað sem ég þurfti að gera, heilsunnar vegna. Ég þurfti að finna eitthvað annað til að hafa fyrir stafni, er mikið að brasa í bílskúrnum þar sem stutt er í rúmið ef ég þarf að hvíla mig. Þó að ég sé óvinnufær þá verð ég að hafa eitthvað fyrir andlegu hliðina.“

Undir góðu eftirliti

Ragnar segist í dag hafa lært að lifa með sjúkdómnum þó að honum fylgi gríðarleg hræðsla í hvert skipti sem hann fari í speglanir, myndatökur eða aðrar rannsóknir. „Fjölskyldan heldur niðri í sér andanum á meðan við biðum eftir svörum úr ræktun. Samt finn ég ákveðna huggun í því að vera undir svona nákvæmu og góðu eftirliti.“

Ragnar er í góðu samstarfi við rannsóknarteymi í Bandaríkjunum, sem rannsakar sjúkdóminn sem hann ber. Eins og áður hefur komið fram eru verulega auknar líkur á að sjúklingar fái krabbamein og þá sérstaklega í brisi, og fer Ragnar reglulega í skimun vegna þess. Þó svo að Ragnar sé undir góðu eftirliti segir hann áhyggjurnar alltaf til staðar.

Ég dett reglulega niður og spyr sjálfa mig: „Er eitthvað að gerast núna sem ekki sést?“ Því það er erfitt að greina hvort eitthvað sé að gerast eða ekki. Ætlið sem fannst síðast sást ekki á myndum og kom ekki í ljós fyrir en ég



Ragnar reynir að dreifa huganum með því að dunda sér í hinum ýmsu verkefnum í skúrnum.

var skorin upp, allt í einu voru lækarnir með það í höndunum bara.

Litlu hlutirnir skipta öllu máli


Aðspurður hvað Ragnar hafi lært um lífið eftir að hann greinist með sjúkdóminn segir hann að breytingar á hugsunarhætti sínum hafi verið gríðarlegar. „Ég veit að þetta er mjög típískt svar en ég tek meira eftir litlu hlutunum og gef mér meiri tíma í þá. Litlu augnablikin eru það sem skipta mig öllu máli í dag, hlutir sem ég kannski skautaði fram hjá hér áður eins og til dæmis hláturinn í barninu þínu, þú hugsaðir kannski, æj en krúttlegt en núna gef ég mér tíma í augnablikid.“ Ragnar bætir við að hann meti fólkið í kringum sig meira en allt, bæði fjölskyldu og vini. Hann segir stuðninginn sem hann hafi fengið ómetanlegan og oft hafa komið úr ótrúlegustu áttum. „Ég hef verið duglegur að skrifa og deila minni reynslu, mæta í viðtöl og vera opin. Ef ég þarf að losa um tilfinningar, þá geri ég það og er hreinn og beinn. Það hjálpar mikið að tala um hlutina og mér finnst mikilvægt að tala um þá nákvæmlega eins og þeir eru.“ Bætir hann við. Hann segir helsta ávinninginn við að vera opin sé

að það gagnist einnig öðrum sem eru í svipuðum sporum og hann. „Fólk leitar til manns og deilir sinni sögu.“

Heldur í jákvæðnina þrátt fyrir kvalir

Ragnar segir að þrátt fyrir alvarleika sjúkdómsins reyni hann að vera léttur yfir ástandinu, þó hann eigi sína erfiðu daga heldur hann fast í jákvæðnina, gerir heilaæfingar daglega, hvetur sjálfan sig áfram og reynir að hugsa um góða hluti og dreifa huganum. Hann setur sér einnig dagleg verkefni og er sáttur ef hann nær að krossa yfir að minnsta kosti eitt verkefni af listanum, sama hversu lítil þau eru. Verkefnin geta verið einföld, eins og að koma börnunum af stað í skólann. Fara á fætur, klæða sig og gera sig tilbúinn fyrir daginn, þó svo að hann endi svo á sjúkrahúsi klukkan níu um morguninn. Þá hefur hann samt náð að krossa yfir verkefni af listanum.

„Með því að gera þetta líður mér eins og ég sé með í lífinu og hafi einhvern tilgang, en auðvitað koma dagar þar sem ég get ekki meir og þá verð ég líka að leifa þeim dögum að koma. Ég get ýtt mér áfram og hvatt sjálfa mig upp að ákveðnu marki, og ég geri það.“



Ragnar þarf reglulega að leggjast inn á sjúkrahús vegna veikinda.

Reynir að hafa eitthvað fyrir stafni

Ragnar segir að helstu áhugamál hans í dag séu úteyjalífið, sérstaklega á sumrin, þegar hann fer í Elliðaey. „Ég lifi fyrir úteyjalífið, fuglana og lundana,“ segir hann. Hann á tuðru sem hann segir gefa sér tengingu við sjóinn, og hefur líka gaman af gömlum bílum, vélum og slíku. Einnig finnst honum gott að hitta fólk og hafa eitthvað fyrir stafni, ásamt því að ferðast, þó sjúkdómurinn hafi takmarkað ferðalög hans. „Ég reyni samt að ferðast, því það er gott fyrir andlegu hliðina að komast aðeins í burtu. Ég fór í fyrsta skipti erlendis fyrir stuttu, en þá hafði ég ekki farið í heilt ár.“ Ragnar bindur miklar vonir við tilraunarmæðferð með nýjum lyfjum sem hann fer í á næstunni og ef hún skilar honum einhverjum góðum dögum þá langar honum að eyða þeim í frí.

Þakklátur

„Mig dreymir um að eiga fleiri góða daga en slæma, og ég held í vonina með það. Ég vona að ég fái að vera með í lífinu og verði ekki meira veikur en ég er. Það er í raun draumur að fá að vera hér með konu minni, börnunum og fjölskyldunni sem hafa staðið þétt við bakið á mér allan tímann,“ segir Ragnar sem vill að lokum koma þakklæti til samfélagsins í Eyjum fyrir góðmennsku sína, ásamt starfsfólkinu á spítalanum sem hlúir að honum alla daga og reynir að láta honum líða betur á hans verstu dögum. „Þetta fólk er ómissandi,“ segir hann að lokum.

Nauðsynlegt að eiga gott rakakrem

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Mandala snyrtistofa, í eigu þeirra Birnu Þórsdóttur og Sigríðar Láru Andrésdóttur, býður viðskiptavinum upp á hlýtt andrúmsloft og góða þjónustu. Á Mandala er hægt að komast í allar helstu snyrti-meðferðir eins og litun, neglur, andlitsbað og fleira. Við fengum að heyra aðeins í þeim stöllum og spurðum þær út í þeirra vinsælu-



stu meðferðir, hvernig sé best að huga að húðinni þegar veturinn nálgast og hvaða snyrtivörur allir ættu að eiga í töskunni sinni. „Litun og neglur eru ávallt meðal vinsælustu snyrtinganna á stofunni,“ segja þær en bæta þó við að andlitsmeðferðir ryðji sér meira til rúms þegar haustið og veturinn nálgast. Kulddinn geri það að verkum að húðin þorni. Aðspurðar hvernig best sé að huga að húðinni í kuldanum segja þær að þær mæli alltaf með að djúphreinsa húðina með skrúbb einu til tvisvar í viku og nota gott andlitskrem eftir á. „Með

djúphreinsun nýtir húðin kremið betur,“ útskýra þær. Þær segja haustið og veturinn sérstaklega góðan tíma til að fara í sýrumeðferð, en hún endurnærir húðina og gefur henni ljóma og fallega áferð. „Algeng mistök sem fólk gerir í húðumhirðu er að þrifa ekki húðina kvölds og morgna. Að næra húðina er lykilatriði, hvort sem það er undir farða eða bara til að fá fallegan ljóma,“ bæta þær við. *Hvaða snyrtivöru ættu allir að eiga að ykkar mati?* „Allir ættu að eiga gott rakakrem í snyrtitöskunni sinni.“

ÍÞRÓTTAMAÐUR MÁNAÐARINS

SANDRA ERLINGSDÓTTIR

Gaman að sjá svona marga í stúkunni

Íþróttamaður mánaðarins að þessu sinni er handboltakonan Sandra Erlingsdóttir. Það þarf vart að kynna Söndru fyrir Eyjafólki en hún er leikmaður meistaraflokks ÍBV í handbolta og A-landsliðs Íslands. Sandra er komin aftur í ÍBV og hefur farið frábærlega af stað í Olís deildinni með eftir að hafa leikið erlendis, bæði í Þýskalandi og Danmörku um nokkurt skeið,

ásamt því að hafa leikið fyrir Val hér heima. Hún átti frábæran endurkomuleik í íslenska boltann í fyrstu umferð Olís deildarinnar þar sem hún skoraði 13 mörk í 14 skotum. Hún fylgdi þeirra frammistöðu eftir með góðum leik gegn KA/Þór í annarri umferð þar sem hún varð aftur markahæst. Hún var svo einnig valin í æfingahóp A-landsliðsins fyrir í mánuðinum.

Nafn: Sandra Erlingsdóttir.

Aldur: 27 ára.

Fjölskylduhagur? Daníel Þór Ingason og Martin Leó strákurinn okkar.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Dagurinn byrjar á því að röltu með Martin í leikskólann þar sem hann var að byrja, svo stekk ég á æfingu, fer í vinnu og vinn þangað til ég sækji Martin. Þá leikum við okkur þangað til amma besta tekur við og ég fer á æfingu. Svo eigum við bara rólegt kvöld, borðum góðan mat og njótum saman þangað til Martin fer að sofa.

Aðal áhugamál? Það er klárlega handbolti og allt sem snýst í kringum það að vera íþróttakona.

Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum? Stine Oftedal.

Hefurðu verið í öðrum íþróttum en handbolta? Já, já, ég prófaði allskonar og var lengi í fótbolta og fimleikum áður en ég valdi handboltann.

Hvernig hefur gengið að aðlagast lífinu í Vestmannaeyjum aftur eftir að hafa búið erlendis? Það hefur gengið alveg ótrúlega vel og líður okkur heldur betur vel



Sandra og fjölskylda.

í Eyjum. Við erum enn að bíða eftir að fjórbylið sem við keyptum verði tilbúið en á meðan erum við

í algjöru dekri heima hjá mömmu og pabba sem er svo dýrmætt.

Hver er munurinn á deildinni hér

heima og þeim deildum sem þú hefur spilað í erlendis? Það er auðvitað svolítið mikill munur en úti eru leikmenn eldri. Einnig eru leikmenn sterkari líkamlega og meira tempó í leikjum. En á sama tíma er deildin á Íslandi með yngri leikmönnum sem eru efnilegir og gaman að fylgjast með því!

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju? Ætli það væri ekki Ásta og Birna fyrir góða stemningu og svo værum við með Örnun til að halda öllu gangandi.

Sturluð staðreynd um sjálfan þig? Ég er svo heppin að hafa fengið að spila í útlöndum og græddi þar tvö auka tungumál og tala því bæði þýsku og dönsku.

Hvaða ráð hefur þú til yngri iðkenda? Æfa vel og huga að öllum öðrum hlutum sem skipta máli eins og næringu, svefni, styrktaræfingum o.s.frv og svo bara að muna að hafa gaman

Eitthvað að lokum? Það var ótrúlega gaman að sjá svona marga í stúkunni á fyrsta leiknum okkar og ég vona að ég sjái svona marga áfram!

Fyrir þá sem sækja sjó

Víðtæk **vernd** fyrir sjómenn

Gildir allan sólarhringinn – Ekkert heilsufarsmat

Dánarbætur vegna slyss

Varanleg örorka*

Dagpeningar vegna slyss eða sjúkdóma**

Sjúkdómatrygging**

Útfararakostnaður

Heimilisbreyting vegna hjólastólalæðingis

Afborgun húsnæðislána eða húsaleigu í 2 ár

*Einungis slysatrygging frá 61 – 65 | **Lækkar eftirstöðvar örorku

***60 dagar í biðtíma, greitt í 52 vikur

Kynnið ykkur skilmála tryggingar á tryggja.is



Stórhöfða 23 / 110 Reykjavík / 414 1999 / tryggja@tryggja.is / www.tryggja.is



Fastur tannlæknir hjá Hlýju



Hlýja tannlæknastofa hefur fengið til sín fastan tannlækni á ný. Það er hún Íris Þórsdóttir tannlæknir sem er flutt aftur til Vestmannaeyja ásamt fjölskyldu sinni. Hún tekur vel á móti ykkur í hlýlegu umhverfi nýuppgerðrar tannlæknastofunnar á Hólagötu 40.

→ **TÍMABÓKANIR OG UPPLÝSINGAR:**
481-2772 www.hlyja.is ←

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2025

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis miðvikudagsins 8. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Foldahraun 41, 900 Vestmannaeyjar

51.900.000 Kr.

Fjölþýli / 118 m² / 3 herbergi



Áshamar 75, 900 Vestmannaeyjar

45.900.000 Kr.

Fjölþýli / 89 m² / 3 herbergi



Foldahraun bílskur, 900 Vestmannaeyjar

Tilboð


Atvinnuhúsnæði / 27 m²



Áshamar 63, 900 Vestmannaeyjar

45.900.000 Kr.

Fjölþýli / 85 m² / 3 herbergi



Hólagata 19, 900 Vestmannaeyjar

62.900.000 Kr.

Fjölþýli / 157 m² / 5 herbergi



Birkihlíð 1, 900 Vestmannaeyjar

87.900.000 Kr.

Fjölþýli / 221 m² / 6 herbergi



Sóleyjargata 5, 900 Vestmannaeyjar

69.900.000 Kr.

Fjölþýli / 194 m² / 5 herbergi



Hásteinsvegur 15, 900 Vestmannaeyjar

53.500.000 Kr.


Einþýli / 129 m² / 5 herbergi



Vestmannabraut 46, 900 Vestmannaeyjar

Tilboð

Einþýli / 148 m² / 3 herbergi



Miðstræti 3, 900 Vestmannaeyjar

49.800.000 Kr.

Fjölþýli / 131 m² / 4 herbergi



Bárustigur 1, 900 Vestmannaeyjar

36.900.000 Kr.

Atvinnuhúsnæði / 111 m²



Miðstræti 18, 900 Vestmannaeyjar

55.000.000 Kr.

Einþýli / 121 m² / 4 herbergi



Njarðarstigur 17, 900 Vestmannaeyjar

29.900.000 Kr.

Fjölþýli / 93 m² / 2 herbergi



Áshamar 67, 900 Vestmannaeyjar

39.800.000 Kr.

Fjölþýli / 66 m² / 2 herbergi



Helgafellsbraut 19, 900 Vestmannaeyjar

84.900.000 Kr.

Einþýli / 285 m² / 5 herbergi



Áshamar 48, 900 Vestmannaeyjar

99.500.000 Kr.

Einþýli / 215 m² / 5 herbergi



Skólavegur 13, 900 Vestmannaeyjar

62.900.000 Kr.

Fjölþýli / 192 m² / 5 herbergi



Vesturvegur 25, 900 Vestmannaeyjar

45.000.000 Kr.

Fjölþýli / 121 m² / 3 herbergi



Áshamar 19, 900 Vestmannaeyjar

69.900.000 Kr.

Raðhúsi / 131 m² / 3 herbergi



Heiðarvegur 5, 900 Vestmannaeyjar

138.000.000 Kr.

Atvinnuhúsnæði / 463 m² / 8 herbergi



Brekkgata 9, 900 Vestmannaeyjar

75.000.000 Kr.

Einþýli / 229 m² / 6 herbergi



Sólhlíð 8, 900 Vestmannaeyjar

69.900.000 Kr.

Fjölþýli / 154 m² / 6 herbergi



Vestmannabraut 18, 900 Vestmannaeyjar

59.500.000 Kr.

Fjölþýli / 145 m² / 4 herbergi



Sóleyjargata 7, 900 Vestmannaeyjar

92.500.000 Kr.

Einþýli / 313 m² / 6 herbergi



Njarðarstigur 17, 900 Vestmannaeyjar

29.900.000 Kr.

Fjölþýli / 93 m² / 2 herbergi



Vesturvegur 31, 900 Vestmannaeyjar

62.900.000 Kr.

Fjölþýli / 161 m² / 5 herbergi



Strandvegur 55, 900 Vestmannaeyjar

37.900.000 Kr.

Fjölþýli / 63 m² / 2 herbergi



Brekastigur 24b, 900 Vestmannaeyjar

46.500.000 Kr.

Fjölþýli / 92 m² / 3 herbergi



Ofanleitisvegur 15, 900 Vestmannaeyjar

56.900.000 Kr.

Sumarhús / 80 m² / 4 herbergi



Skildingavegur 6, 900 Vestmannaeyjar

Tilboð

Atvinnuhúsnæði / 271 m²



EYJAEIGNIR.IS



HALLDÓRA KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR

LÖGG. FASTEIGNA- OG SKIPASALI
OG B.S.C. Í VIÐSKIPTAFRÆÐI
S. 861-1105 - DORA@HUSFASTEIGN.IS
STRANDVEGI 43A - VESTMANNAEYJUM

